Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 3. mars 2004 · 9. tbl. · 21. árg.



Afgreiðsla Landsbankans í Neista er opin fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16 - 19

Landsbankinn
Sími 450 5519


## Margir atvinnulausir

**Atvinnuleysi á Vestfjörðum í janúar var það mesta frá því í janúar 1997. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi í janúar mánuði. Þar kemur fram að 3,2 % vinnuafls á Vestfjörðum hafi verið án atvinnu. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi í janúar mánuði undanfarinna ára þarf að fara aftur til 1997 til þess að finna sambærilegt atvinnuleysi. Þá var 3,5 % vinnuafls á Vestfjörðum án atvinnu. Í tölum Vinnumálastofnunar kemur einnig fram að mun meira atvinnuleysi er meðal kvenna en karla. Um 4,8 % kvenna eru án atvinnu í janúar og þarf að fara aftur til ársins 1995 til þess að finna sambærilegt atvinnuleysi. Um 2,1% karla voru án atvinnu í janúar en í janúar í fyrra voru 2,2% karla án atvinnu. – *hj@bb.is***

## Hafa áhyggjur af niðurskurði

**Félag lögfræðinga á Vestfjörðum hefur áhyggjur af niðurskurði fjárveitinga til Héraðsdóms Vestfjarða og segir að muni auka álag á dómara og koma til með að tefja afgreiðslu mála. Í ályktun sem samþykkt var í síðustu viku segja lögfræðingarnir að vegna niðurskurðarins verði að leggja niður stöðu aðstoðarmanns héraðsdómara eða starf annars af tveimur löglærðum starfsmönnum dómsins. Í bréfi til dómsmálaráðherra skora lögfræðingarnir á stjórnvöld að beita sér fyrir nægjanlegum fjárveitingum til að tryggja trausta og greiða meðferð mála við dóminn.**

# Leitaði vitneskju um síðustu daga föður síns

*– sjá viðtal í miðopnu við Guðjón Bjarnason rafvirkja á Ísafirði*

### Ísfirsk einingarhús frá Ágústi og Flosa ehf. á Ísafirði

# Viðbrögð í Reykjavík lofa góðu

Björgmundur Guðmundsson, byggingartæknifræðingur og einn eigenda verktakafyrirtækisins Ágústar og Flosa á Ísafirði, segir viðbrögð við fyrirhuguðum tvíbýlisraðhúsum fyrirtækisins við Lækjarvað í Reykjavík lofa góðu. Húsin verða byggð úr einingum frá verksmiðju Ágústar og Flosa á Ísafirði og er kynning á þeim nýhafin hjá fasteignasölunni Fasteignakaupum í Reykjavík. Alls verða byggð 14 hús við Lækjarvað, í hinu nýja hverfi Norðlingaholti, með samtals 28 íbúðum.

„Við ætlum að byrja að steypa grunnana í þessari viku og stefnum á að setja upp fyrstu húsin, úr þeim einingum sem við eigum klárar, í mars. Markmiðið er að geta afhent fyrstu íbúðina 1. maí“, segir Björgmundur. Steypuvinnan er unnin af undirverktaka í Reykjavík en starfsmenn Ágústar og Flosa munu sjá um uppsetningu einninganna.

Starfsmönnun mælingardeildar borgarverkfræðings var heldur brugðið þegar þeir á mættu á byggingarsvæðið og fundu u.þ.b 100 fermetra hesthús á lóðinni. Björgmundur segir húsið autt en ekki sé vitað hver eigi það. „Það er verið að grafast fyrir um málið innan borgarkerfisins. Þetta mun ekki trufla okkur því húsið er alveg úti á endimörkum lóðarinnar en við vorum að gantast með að það gæti þótt flott að búa í raðhúsalengju með hesthúsi á endanum“, sagði Björgmundur.

*Tölvuteikning af fyrirhuguðum tvíbýlisraðhúsum við Lækjarvað.*

Hönnun húsanna var í höndum Hallvarðar Aspelund, arkitekts hjá Tækniþjónustu Vestfjarða. – *kristinn@bb.is*




ÚTGÁFAN

BÆJARINS BESTA

ISSN 1670 - 021X

**Útgefandi:**
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
**Ritstjóri:**
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
**Blaðamenn:**
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is
**Ritstjóri netútgáfu:**
Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362
**Ljósmyndari:**
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
**Ábyrgðarmenn:**
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

**Umboðsaðilar BB:**
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. **Súðavík:** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

**Sölustaðir á Ísafirði:** **Hamraborg**, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. **Flugbarinn**, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. **Bónus**, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. **Bókhlaðan**, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. **Bensínstöðin**, Hafnarstræti, sími 456 3574. **Samkaup,** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. **Krílið**, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

### Vísindamenn Hafrannsóknastofnunar gefa ráðherra skýrslu um ástandið í Ísafjarðardjúpi

# Litlar líkur á veiðum í vetur?

Hafrannsóknastofnun skilaði á mánudag niðurstöðum úr rannsóknum stofnunarinnar í Ísafjarðardjúpi sem framkvæmdar voru á dögunum til sjávarútvegsráðherra. Sem kunnugt er hafa rækjuveiðar ekki verið leyfðar í Djúpinu í vetur vegna seiðagengdar og slæms ástands rækjustofnsins. Litlar líkur eru á veiðum í vetur.

Hjalti Karlsson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði, var ófáanlegur til að gefa nokkrar upplýsingar um niðurstöður rannsóknanna og vísaði á starfsmenn stofnunarinnar syðra. Guðmundur Skúli Bragason fiskifræðingur sem manna lengst hefur stundað rannsóknir í Djúpinu varðist allra frétta og vísaði á Unni Skúladóttur fiskifræðing.

Unnur staðfesti að niðurstöður rannsókna í Djúpinu hefðu verið sendar til sjávarútvegsráðuneytisins þar sem endanleg ákvörðun um hugsanlegar veiðar verður tekin í samráði við vísindamenn stofnunarinnar. Unnur var ófáanleg til þess að gefa upplýsingar um tillögur vísindamanna.

Þórður Eyþórsson deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu staðfesti að niðurstöður Hafró hefðu borist í ráðuneytið. Hann sagði að ákvörðun yrði tekin fyrir innan nokkurra daga. Ekki vildi Þórður slá neinu föstu um hver niðurstaðan yrði en staðfesti að slæmt ástand væri nú í Ísafjarðardjúpi.

Af viðbrögðum vísindamanna má ætla að ástand mála sé óvenju slæmt í Ísafjarðardjúpi og því litlar sem engar líkur til þess að veiðar verði leyfðar á þessari vertíð. Eru það mjög slæm tíðindi fyrir útgerðarmenn og sjómenn við Djúp.

Rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi hefur verið gjöfull í gegnum árin. Hæst komust veiðarnar í 3.000 tonn á ári. Oftast var veiði á bilinu 2.000 til 2.500 tonn. Fáir stofnar eða engir hafa verið rannsakaðir meira undanfarna áratugi en rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi. Sömu sögu má segja um Ísafjarðardjúpið í heild. Þrátt fyrir það virðist niðurstaðan sú að með aukinni þekkingu og bættum tækjum til veiða er ástandið þannig að ekki verði leyfðar veiðar. Að sinni að minnsta kosti.

Tekjutap sjómanna og útgerðarmann við Djúp er mikið. Þegar best lét var aflaverðmæti úr Djúpinu á bilinu 200-300 milljónir króna árlega. Má ætla að hlutur launa af því aflaverðmæti sé um 100-150 milljónir króna. Útflutningsverðmæti rækju úr Ísafjarðardjúpi hefur þegar best lét verið á bilinu 400-500 milljónir króna.

*– hj@bb.is*

*Bræðratunga, þjónustumiðstöð fatlaðra í Tungudal.*

### Ferðaþjónusta fatlaðra í Ísafjarðarbæ

# FMG dregur tilboðið til baka

Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna ehf. sem átti næst lægsta tilboð í akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra í Ísafjarðarbæ hefur dregið tilboð sitt til baka. Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar hafði lagt það til við bæjarstjórn að tilboðinu yrði tekið. Málinu var vísað að nýju til félagsmálanefndar. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánudag var lagt fram bréf frá Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. þar sem tilkynnt var að fyrirtækið hefði dregið til baka tilboð sitt í akstur fyrir ferðaþjónustu fatlaðra.

Eins og fram hefur komið í fréttum átti fyrirtækið næst lægsta tilboðið í aksturinn. Var tilboð fyrirtækisins um 10% hærra en tilboð Stjörnubíla ehf. Þrátt fyrir það samþykkti félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar að leggja til að tilboði FMG yrði tekið þar sem nefndin taldi notendur þjónustunnar viðkvæma fyrir breytingum á henni. Því væri faglegur ávinningur af því að skipta ekki um verktaka þar sem ekki væri að mati nefndarinnar mikill munur á lægstu tilboðum.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir ekki hafa komið fram hvers vegna tilboðið var dregið til baka.

Samningur um aksturinn rann út um mánaðarmótin og féllst Ferðaþjónusta Margrétar og Guðna á það að halda akstrinum áfram þar til ljóst verður við hvern verður samið um aksturinn. *– hj@bb.is*

# KFÍ hélt sæti sínu

**KFÍ heldur sæti sínu í úrvalsdeildinni eftir spennuþrungnar viðureignir í fallbaráttunni að undanförnu. Áhugamenn um körfubolta fylgdust spenntir með leik í úrvalsdeildinni á mánudagskvöld. Að þessu sinni var það ekki leikur KFÍ sem vakti áhuga manna heldur leikur Þórs í Þorlákshöfn og Keflavíkur í Keflavík. Til þess að eiga möguleika á að halda sæti sínu í deildinni urðu leikmenn Þórs að sigra Keflavík. Það tókst ekki. Leiknum lauk með sigri drengjanna í bítlabænum með 107 stigum gegn 102 stigum drengjanna úr höfn Þorláks. Því verður hlutskipti Þórs að fylgja liðsmönnum Breiðabliks að spila í 1. deild á næsta ári. Lið KFÍ er í 10. sæti með tíu stig þegar einn leikur er eftir. Liðin sem falla eru bæði með 8 stig og geta því með sigri náð Ísfirðingum að stigum en KFÍ er með hagstæðari úrslit í innbyrðis viðureignum liðanna og halda því sínum sætum mönnum til mikils léttis.**

## RITSTJÓRNARGREIN

# Þriðja kynslóð BB-vefsins

Það verður að segjast eins og er að þegar ráðist var í gerð BB-vefsins á sínum tíma fór lítið fyrir forsjánni í samanburði við kappið og óbilandi bjartsýni um að þarna væri verið að stíga framfaraskref. Ef til vill lágu rætur bjartsýninnar allt aftur til ársins 1984, þegar fyrsta litla BB-blaðið kom úr fjölritaranum og hefur allar götur síðan dafnað ár frá ári og sífellt lagað sig að breyttum tímum og tækni; blaðið, sem í nær 20 ár hefur notið velvildar og stuðnings góðra viðskiptavina og tryggs lesendahóps.

Allt frá því að BB-vefurinn var opnaður 4. janúar 2000 hefur hann notið mikilla vinsælda og heimsóknir farið stöðugt vaxandi. Gestabókin ber líka með sér að lesendur eru svo að segja frá öllum heimshornum. Veigamikil breyting var gerð á vefnum 12. janúar 2002 og nú 28. febrúar orðuðum við það svo, að þriðja kynslóð BB-vefsins væri komin til skjalana.

Af viðbrögðum þeirra að merkja sem litið hafa við á vefnum eftir breytinguna kvíðum við ekki framtíðinni. bb.is mun hér eftir sem hingað til hafa það að markmiði að halda nafni Vestfjarða á lofti og alls þess sem þar er í boði, auka hróður fjórðungsins og fólksins sem þar býr.

### Framsækin fyrirtæki

Á sama tíma og blásið er í herlúðra af bæjaryfirvöldum í Ísafjarðarbæ vegna seinagangs á efndum ríkisvaldsins við að efla Ísafjörð sem einn þriggja byggðakjarna á landsbyggðinni, er einkar ánægjulegt að fylgjast með árangri ísfirskra fyrirtækja í samkeppni á mörkuðum fjarri heimabyggð, utan lands sem innan. Má þar til nefna fyrirtækin 3X-STÁL ehf. og Póls hf, sem áunnið hafa sér traust viðskiptavina víðs vegar um heim fyrir vandaða framleiðslu. Góður vitnisburður um hugvit og hagleik vestfirskra iðnaðarmanna.

Ánægjulegt er að líta til nýgræðings eins og Beituverksmiðjunnar, sem nú virðist á góðu róli með pokabeituna. Viðbrögðin við einingahúsum Ágústar og Flosa ehf, eiga vonandi eftir að blása nýju lífi í byggingariðnaðinn hér vestra.

Til að tryggja stöðu Ísafjarðarbæjar þurfum við á fleiri slíkum fyrirtækjum að halda. BB hefur áður haldið því fram, að eitt af forgangsverkefnum bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sé að laða fyrirtæki til bæjarins og greiða fyrir stofnun nýrra á staðnum. *s.h.*

# Brunavarnir bættar í Sundhöll Ísafjarðar

**Ráðist verður í endurbætur á brunavörnum íþróttahússins á Flateyri og Sundhallar Ísafjarðar í kjölfar úttektar eldvarnareftirlits Ísafjarðarbæjar á húsunum. Ástand brunavarna í Sundhöllinni var talið slæmt en sæmilegt í íþróttahúsinu á Flateyri. Íþrótta- og æskulýðsnefnd Ísafjarðar fjallaði um málið og fól Birni Helgasyni, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa að gera strax úrbætur á því sem hægt er en öðrum þáttum var vísað til tæknideildar bæjarins til frekari útfærslu. Björn segir tiltölulega einfalt mál að uppfylla tilmæli eldvarnareftirlitsins vegna íþróttahússins á Flateyri og verði gengið í það. Meiri aðgerð sé hins vegar að verða við tilmælunum vegna Sundhallarinnar á Ísafirði enda sé það mun eldra hús. „Þar er þó mjög margt sem við getum aðhafst strax og erum komin á fullt í að lagfæra t.d. varðandi neyðarljós og merkingu flóttaleiða.“ Sundhöll Ísafjarðar var byggð árið 1945. Þar þarf að sögn Björns m.a. að bæta við flóttaleiðum í kjallara og á lofti þar sem bókasafnið á Ísafirði var áður til húsa. Auk þess er farið fram á að settar verði upp sjálfvirkar eldvarnarhurðir við sundlaug og íþróttasal. „Þetta eru nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir og þarf líklega að gera töluverðar breytingar á húsinu til að koma hurðunum við en þær eru að auki mjög dýrar. Við höfðum ekki gert ráð fyrir slíkum framkvæmdum í fjárhagsáætlun“, sagði Björn.**

*– kristinn@bb.is*

# Tónlistarhátíð í bígerð á Skíðaviku

**Verið er að undirbúa tónlistarhátíð á Ísafirði sem ætlunin er að halda í Skíðavikunni um páskana. Meðal tónlistarmanna sem hafa verið orðaðir við hátíðina eru ýmsir af þeim Íslendingum sem hafa verið að ná hvað lengst á erlendri grundu á síðustu árum. Örn Elías Guðmundsson, jafnframt þekktur sem tónlistarmaðurinn Mugion, staðfesti að ýmsir aðilar á Ísafirði hefðu tekið höndum saman um að undirbúa tónleikadagskrá um páskana en vildi að svo stöddu ekki gefa upp hvaða listamenn kæmu fram. Verið væri að setja saman dagskrá og yrði hún kynnt innan skamms.**

# Tvær heimildarmyndir í undirbúningi

**Tvær heimildarmyndir eru í undirbúningi um snjóflóðið sem féll á Flateyri árið 1995. Fréttablaðið greinir frá því að undirbúningur hafi staðið yfir í fjögur ár að mynd sem Kristrún Lind Birgisdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir standa að ásamt þekktum framleiðanda. Einar Þór Gunnlaugsson, kvikmyndagerðarmaður frá Önundarfirði, hefur einnig í hyggju að búa til mynd um snjóflóðið sem framleidd verður af fyrirtækinu Edisons lifandi kvikmyndir. Einar Þór hyggst hefja tökur á næstu mánuðum en vill ekki segja til um hvenær framleiðslunni verði lokið. Kristrún Lind segist í samtali við Fréttablaðið engin tengsl hafa við Einar Þór um gerð myndarinnar og að hún muni halda sínu striki. „Ég veit ekkert um áform Einars Þórs“, sagði hún.**

*Sparisjóður Vestfirðinga á Ísafirði.*

## Sparisjóður Vestfirðinga

# Tapaði 27milljónum á árinu 2003

Sparisjóður Vestfirðinga tapaði 27,1 milljón króna á árinu 2003. Það er töluvert verri afkoma en árið áður þegar reksturinn skilaði 10,2 milljóna króna hagnaði. Vaxtatekjur sjóðsins voru rúmlega 621 milljón króna sem er tæplega 19% samdráttur á milli ára. Vaxtagjöld sjóðsins lækkuðu enn meira eða um rúm 23% úr 453 milljónum króna í 347 milljónir króna. Hreinar vaxtatekjur sjóðsins minnkuðu því um rúm 11%. Aðrar rekstrartekjur sjóðsins jukust hinsvegar umtalsvert eða úr 118 milljónum króna í 223 og nemur því hækkunin um 88% á milli ára. Önnur rekstrargjöld hækka milli ára um 8,5%.

Framlag í afskriftareikning útlána eykst um tæp 68% á milli ára og fer úr 132 milljónum króna í tæplega 222. Eiginfjárhlutfall sjóðsins hækkaði úr 9.9% í 11,7% en það má ekki vera lægra en 8% í rekstri fjármálastofnana. Innlán jukust um 5% á árinu 2003 en aukningin var 23,6% á árinu 2002. Útlán jukurst um 3.8% samanborið við 6,3% á árinu 2002. Stöðugildum hjá sjóðnum fjölgaði úr 32 á árinu 2002 í 35 á árinu 2003.

Í tilkynningu frá Sparisjóði Vestfirðinga segir að rekstrarumhverfi sjóðsins hafi verið erfitt á liðnu ári. Framlag í afskriftarreikning sjóðsins sé mun meira en gert hafi verið ráð fyrir. Þá segir einnig að þrátt fyrir tap og tímabundna erfiðleika í rekstri sé eiginfjárstaða sjóðsins góð.

*– hj@bb.is*

## Hagstofa Íslands

# Launagreiðendum fjölgar

Þrátt fyrir fækkun íbúa á undanförnum árum hefur launagreiðendum á Vestfjörðum fjölgað samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Árið 1998 voru launagreiðendur á Vestfjörðum 728 talsins en árið 2002 voru þeir 735 að tölu. Flestir launagreiðendur voru aðeins með einn starfsmann árið 2002 eða 475 og hafði fækkað úr 517 árið 1998. Launagreiðendur með 2-9 starfsmenn voru 194 árið 2002 og hafði fjölgað úr 159 árið 1998.

Sömu sögu er að segja af launagreiðendum með 10-19 starfsmenn. Þeim fjölgaði úr 25 í 36 á sömu árum. Launagreiðendum með 20-49 starfsmenn fjölgaði úr 19 í 21 og launagreiðendum með 50-99 starfsmenn fjölgaði úr 5 í 6. Einungis þrír launagreiðendur eru á Vestfjörðum með 100-249 starfsmenn árið 2002 og er það sami fjöldi og árið 1998. Eru það fjölmennustu launagreiðendurnir í landshlutanum þau ár.

Árið 2002 eru flestir launagreiðendurnir í landbúnaði eða 184 talsins og hafði fækkað nokkuð frá árinu 1998. Einungis einn launagreiðandi í landbúnaði á Vestfjörðum var með fleiri en einn starfsmann árið 2002. Í fiskveiðum voru launagreiðendur 135 árið 2002 og hafði fjölgað um 10 frá árinu 1998. Flestir launagreiðendurnir í fiskveiðum höfðu aðeins einn starfsmann eða 72 talsins. Í fiskvinnslu voru launagreiðendurnir 36 og hafði fjölgað úr 24 árið 1998. Þar er starfsmannafjöldinn mjög mismunandi.

Í mannvirkjagerð fækkaði launagreiðendum úr 82 í 79. Fimmtíu launagreiðendur í mannvirkjagerð eru aðeins með einn starfsmann. Launagreiðendum í verslun og viðgerðarþjónustu fækkar úr 76 í 66 og þar af eru 26 með einn starfsmann. Launagreiðendum í hótel- og veitingarekstri fækkar úr 18 í 16 á árunum 1998-2002. Flestir þeirra hafa einungis einn starfsmann eða 9 talsins. Í samgöngum og flutningum stendur fjöldi launagreiðenda nánast í stað. Þeir voru 61 árið 1998 en 62 árið 2002.

Í opinberri stjórnsýslu fækkar greiðendum um einn á þessum árum. Voru þrír en aðeins tveir 2002. Í fræðslustarfsemi fjölgaði greiðendum um tvo úr fimm í sjö og í heilbrigðis- og félagsþjónustu fækkaði launagreiðendum um tvo úr 19 í 17.

## Ísafjarðarbær og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

# Vilji til að endurskoða sjúkraflutninga

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ hefur lýst yfir vilja til viðræðna við Ísafjarðarbæ um endurskoðun á verksamningum um sjúkraflutninga á svæði stofnunarinnar. Ísafjarðarbær óskaði eftir viðræðum við Heilbrigðisstofnunina í nóvember á síðasta ári.

Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar, segir í bréfi til bæjarins að stofnunin sé tilbúin til við viðræðna með það fyrir augum að gerður verði einn samningur um sjúkraflutninga í umdæminu í stað tveggja eins og nú sé. Stofnunin leggur til að Ísafjarðarðbær leggi fram drög að nýjum samningi sem nái til alls starfssvæðisins. Þröstur segir vilja til þess að annað hvort verði öllum sjúkraflutningunum sinnt frá Ísafirði eða að Dýrafirði verði þjónað sérstaklega með bíl RKÍ sem er staðsettur þar.

Fram kemur í bréfinu að heilbrigðisráðuneytið er með samning við RKÍ um sjúkrabifreið á Þingeyri og hefur Heilbrigðisstofnunin ekki haft nein afskipti af rekstri hans á liðnum árum. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir menn þar á bæ vilja taka samninginn til endurskoðunar þar sem greiðslur vegna hans endurspegli ekki kostnað við rekstur sjúkraflutninganna.

*– kristinn@bb.is*

*Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.*

*Sigurður Gunnar Aðalsteinsson og Kolbrún Elma Schmidt skemmtu sér vel á blótinu.*



# Sundlaugarblótið fastur liður í þorrahaldi Súgfirðinga

Sundlaugarblót Súgfirðinga hefur verið haldið í nokkur ár og má víst teljast til hefðbundinna viðburða nú orðið. Einhverjir tóku upp á því á sínum tíma að halda þorrablót með öllu tilheyrandi í sundlauginni á Suðureyri og voru ekki margir í fyrstu en fagnaðurinn nýtur aukinna vinsælda með hverju ári. Vel viðraði til blóts og gladdi milt veður og vægur rigningarúði blótsgesti. Þótti betur viðra í ár en í fyrra en þá var mikil snjókoma og töluvert kalt í veðri, að sögn Valdimars Hreiðarssonar, sóknarprests á Suðueyri og eins blótgesta. Til laugarblóta koma gestir ekki einungis klæddir venjulegum sundfötum, heldur svamla þeir til borðs nokkuð hátíðlega búnir. Eins og sjá má á myndum Valdimars Hreiðarssonar skemmtu blótsgestir sér vel í sundlauginni.

*– kristinn@bb.is*

Verslun Ísafirði
456 4644
• • •
Timbursala Ísafirði
456 4655
• • •
Opnunartími:
Mán. - fös. 8-18
Lau. 10-13
Timbursala lokuð laugardaga
HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

GERÐU DÚNDUR KAUP!

RÉTTI TÍMINN FYRIR AEG | ELDHÚSIÐ PITT.

AEG heimilistæki er afar vönduð þýsk gæðavara.
Þetta vita allir Íslendingar auðvitað.

HEITIR DAGAR

Hitt vita ekki allir ennþá
að nú býðst **einstakt tækifæri** að eignast
þessa gæðavöru á **sérstöku afsláttarverði**.

Fjárfestu í ánægju, stolti og frábærum mat
– KOMDU YFIR Í AEG.

WM straumur
Silfurgötu 5 · 400 Ísafirði · Sími 456-3321

## Orkubú Vestfjarða hf.

# Setur upp rafhrúta til að breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa

Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins hafa sett upp svokallaða rafhrúta sem breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa. Þetta kemur fram í svari Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra á Alþingi við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur alþingismanns (D) um þriggja fasa rafmagn.

Í svari iðnaðarráðherra kemur fram að fimm nýir notendur á svæði Orkubús Vestfjarða hafi fengið aðgang að þriggja fasa rafmagni á árinu 2003 í kjölfar endurnýjun rafdreifikerfa með lagningu þriggja fasa strengja í stað gamalla loftlína sem ýmist voru einfasa eða þriggja fasa. Jafnframt kemur fram að kostnaðurinn við lagningu strengja til vegna þessara breytinga hafi kostað 2,5 milljónir á Vestfjörðum. Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar framkvæmdir á yfirstandandi ári í þessu efni á Vestfjörðum.

Þá kemur einnig fram í svari iðnaðarráðherra að einstakir notendur hafi sett upp tíðnibreyta til að geta keyrt þriggja fasa mótora á einfasa rafmagni. Orkufyrirtækin hafa sett upp í tilraunaskyni svonefnda rafhrúta sem breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa. Markmiðið er að bera saman búnað frá mismunandi framleiðendum og öðlast reynslu af rekstri þeirra. Kemur fram í svarinu að nú hafi fundist búnaður sem virðist fullnægjandi og er hann í notkun á þremur stöðum til reynslu og að hann lofi góðu.

Þá segir iðnaðarráðherra í svari sínu að spenna á orkuveitusvæði RARIK og Orkubúsins sé almennt í samræmi við staðla. Verði misbrestur á því sé úr því bætt. Óstöðugust sé spenna og tíðni á svæðum sem ekki tengjast landskerfinu þ.e. við Ísafjarðardjúp, í Flatey og í Grímsey.

*– hj@bb.is*

*Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða*

## Rafeindafyrirtækið Póls hf. á Ísafirði

# Salan tvöfalt meiri en á sama tíma í fyrra

Hörður Ingólfsson, svæðissölustjóri hjá Póls hf. á Ísafirði, segir að á fyrstu tveimur mánuðum yfirstandandi árs hafi fyrirtækið selt jafn mikið og á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2003. Hann segir rekstraumhverfið hafa verið erfitt að undanförnu eins og hjá öðrum útflutningsfyrirtækjum vegna sterkrar krónu en segir ýmis jákvæð teikn á lofti.

„Við erum mjög sáttir við verkefnastöðuna og höfum verið að berjast eins og ljón við að lækka kostnað til að vega á móti gengisþróuninni. Við sjáum líka bjartara útlit í Noregi sem hefur verið okkar stærsti markaður í gegnum tíðina en dróst mjög mikið saman í fyrra“, sagði Hörður.

Póls framleiðir tæknibúnað fyrir vinnslu sjáfarfangs og annarra matvæla. Nú í lok mánaðarins afhendir Póls fullkominn laxaflokkara til fyrirtækisins Marine Harvest í Chile. Þetta er annar tveggja samskonar flokkara sem Marine Harvest fær afhentan á stuttum tíma og ætla Pólsmenn að þeir muni vekja áhuga hjá framleiðendum eldisfisks þar í landi.

*– kristinn@bb.is*

*Húsakynni Póls hf. á Ísafirði.*

## Súðavíkurhreppur

# Veitir umhverfisstyrki til ferðaþjónustuaðila

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps samþykkti í síðustu viku að veita ferðaþjónustuaðilum í dreifbýli sem eru með fasteignir skráðar í B flokki fasteignagjalda, þ.e. atvinnuhúsnæði, umhverfisstyrk. Umhverfisstyrkurinn er til þriggja ára, 2004-2006, og nemur 50% af álögðum B fasteignagjöldum fyrir hvert ár. Til þess að njóta styrks þarf umsækjandi að vera í ferðaþjónusturekstri og fasteignir sem notaðar eru til rekstursins að vera skráðar í B flokk fasteigna ásamt því að vera í dreifbýli Súðavíkurhrepps.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri segir að tilgangurinn með styrkveitingunum sé að jafna samkeppnisaðstöðu ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu því hingað til hafi ferðaþjónustuaðilar í dreifbýli orðið af ýmissi þjónustu sem sveitarfélagið veitir í þéttbýli. Með þessu sé einnig verið að styrkja vaxandi atvinnugrein.

Í dag eru nokkrir aðilar í ferðaþjónusturekstri í dreifbýli í Súðavíkurhreppi. Langstærsti reksturinn í dag hvað húsnæði varðar er í Reykjanesi. Má ætla að styrkurinn þar geti numið um 400 þúsund krónum á ári. Á öðrum stöðum svo sem í Vigur og Heydal eru upphæðirnar mun minni. Reiknað er með að miðað við rekstur í ferðaþjónustu í dag geti heildarstyrkveitingin numið um 450-500 þúsundum króna á ári.

*– hj@bb.is*


ZONTAKLÚBBURINN FJÖRGYN

Stofnaður 2. des. 1996

**Málþing**

**um menntun kvenna í alþjóðlegu umhverfi**
**sunnudaginn 7. mars 2004 kl. 13.00 til 15.30**
**í Hömrum, sal Tónlistarskóla ísafjarðar**

***Málþingið er tileinkað alþjóðlegum baráttudegi kvenna***

**Málþingsstýra:**
Inga S. Ólafsdóttir, varaformaður Zonta Fjörgyn

***Tónlist***

**Setning:**
Ragnheiður Hákonardóttir, formaður Zonta Fjörgyn

**Frummælendur:**
Dr. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði,
Jóhanna Kristjánsdóttir, menntunarfræðingur Flateyri,
Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar

***Kaffihlé***

Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri rannsókna og upplýsingamála Viðskiptaháskólans á Bifröst,
Jarþrúður Ásmundsdóttir, stúdent í Háskóla Íslands,
Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty

**Málþingi slitið:**
Ragnheiður Hákonardóttir, formaður Zonta Fjörgyn

***Málþingið er öllum opið***

# Vestfirðingur vikunnar

## Hrefnukjötið eftir uppskrift frá Halla Konn klikkar ekki

**Nafn:** Hermann G. Hermannsson.
**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Á Ísafirði 29. júní 1968.
**Atvinna:** Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður.
**Fjölskylda:** Eiginkonan heitir Fríða Rúnarsdóttir og eigum við dæturnar Maríu Rebekku og Dagmar Iðu.
**Helstu áhugamál:** Hef að sjálfsögðu brennandi áhuga á starfinu, en ég held að konan og dæturnar séu í fyrsta sæti.
**Bifreið:** Nissan Patrol árgerð 1998.
**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Nýjustu árgerð af Nissan Patrol.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?** Eins og flesta drengi dreymir um, var það flugmaður, læknir, slökkviliðsmaður eða lögga.
**Uppáhalds matur?** Hrefnukjöt eldað eftir uppskrift frá Halla Konn. Það klikkar sko ekki!
**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Yfirleitt finnst mér matur ekki vondur, bara mis góður, en ég verð að viðurkenna að súrsaði sundmaginn sem ég smakkaði á þorrablótinu um daginn var frekar ógeðfelldur.
**Uppáhalds drykkur?** Það byrjar enginn dagur hjá mér án þess að fá sér kaffi. Með góðum mat finnst mér gott að fá mér rauðvín og kannski smá viskítár á eftir.
**Uppáhalds tónlist?** Ég er alæta á tónlist, en ef ég ætti að nefna eina hljómsveit, yrði það Cure.
**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Að sjálfsögðu er það Sunddeild Vestra þar sem dóttir mín æfir sund. Ég er líka sérlega ánægður með árangur siglingamanna í Sæfara, félagi áhugamanna um sjósport á Ísafirði.
**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Enski boltinn þar sem Manchester United er að bursta Liverpool eða Arsenal klikkar ekki.
**Uppáhalds vefsíðan?** www.isafjordur.is/is/slokkvilid, þetta er snilldar síða smíðuð af Svenna starfsfélaga. Ég hvet alla til að líta á þessa síðu.
**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Big Blue.
**Fallegasti staður hérlendis?** Hornstrandir eru fallegar, en ef ég ætti að velja eina af víkunum myndi ég velja Hornvík.
**Fallegasti staður erlendis?** Lítið þorp og umhverfi þess sem ég heimsótti í Japan fyrir allmörgum árum. Ég man bara ekki nafnið á svæðinu.
**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Nei, ekki get ég sagt það.
**Uppáhalds heimilistækið?** Uppþvottavélin kemur sterk inn.
**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Stangveiði, helst með fjölskyldunni og á leynistaðinn okkar þar sem stóru urriðarnir eiga heima.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Óheiðarleiki, sjálfur reyni ég að vera eins hreinskilinn og ég get. Stundum er það misskilið og ég fæ það í bakið.
**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Er með fjölskyldu og vinum í sumarbústað fjölskyldunnar inni í Hafnardal.
**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Já, hver á sér ekki draum, vonandi rætist minn einhvern tímann.
**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Þegar ég var við leiðsögn með Spánverja í laxi inni í Laugardal. Ég hafði sagt honum að úr Hagakotsfossi hefði aldrei veiðst lax og myndi aldrei veiðast, en hann lét til leiðast og fór í fossinn. Eftir 20 mínútur kom hann skellihlægjandi með þrjá laxa í hendinni.
**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Ég held nú að ég væri ekki tilbúinn að skipta við hann Halldór. En ef ég neyddist til þess, ætli ég myndi ekki reyna að beita kröftum mínum í það að endurnýja eitthvað af þessum forn-slökkvibílum sem eru í bæjarfélaginu, t.d. með því að nýta betur arðgreiðslur frá Brunabótafélaginu, líkt og önnur sveitarfélög gera.
**Lífsmottó?** Njóta lífsins, maður lifir bara einu sinni.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

*Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri Hótels Ísafjarðar, Ólína Þorvarðardóttir skólameistari og Kári Kárason framkvæmdastjóri Flugleiðahótelanna undirrita leigusamninginn. Með þeim á myndinni eru Ólafur Örn Ólafsson hótelstjóri Hótels Ísafjarðar, Birna Lárusdóttir formaður skólanefndar Menntaskólans og Tryggvi Guðmundsson forstöðumaður Edduhótelanna.*

### Kunningi ehf., félag í eigu Flugleiðahótela, Hótels Eddu og Hótels Ísafjarðar

# Tekur heimavist Menntaskólans á Ísafirði á leigu

Á fimmtudag í síðustu viku var undirritaður leigusamningur milli Menntaskólans á Ísafirði og Kunningja ehf. um starfrækslu sumarhótels í heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Samningurinn er til sjö ára og gildir til 20.ágúst 2010.

Kunningi ehf. er nýstofnað félag sem er í eigu Flugleiðahótela/Hótel Eddu og Hótels Ísafjarðar. Í húsakynnum heimavistarinnar eru 42 gistiherbergi með gestamóttöku og veitingaaðstöðu, tjaldstæði á lóð skólans auk aðstöðu til svefnpokagistingar í skólabyggingunni. Fyrirhugaðar eru verulegar endurbætur á húsnæðinu sem miða að því að koma upp snyrtingum og baði inni á 6-9 herbergjum á neðri hæð suðvestur álmu. Fasteignir ríkissjóðs hafa þær framkvæmdir með höndum og á þeim að ljúka á þessu ári.

Undanfarin ár hefur verið samið um rekstur heimavistarinnar frá ári til árs, og hefur hann verið í höndum Hótels Ísafjarðar. Þar áður var heimavist skólans rekin sem Eddu Hótel á sumrin, svo segja má aðá vissan hátt sé verið að hverfa til fyrri hátta með hinum nýja samningi. Samninginn undirrituðu Kári Kárason framkvæmdastjóri Flugleiðahótela og Ólína Þorvarðardóttir skólameistari MÍ.

Ólafur Örn Ólafsson hótelstjóri Hótels Ísafjarðar segir að með samstarfi um rekstur sumarhótelsins sé Hótel Ísafjörður að sækja í markaðsstarfsemi Flugleiðahótelanna. Ólafur segir að sá langtímasamningur sem nú var undirritaður opni betri möguleika á markaðssetningu sumarhótelsins en þeir eins árs samningar sem áður hefi verið gerðir því í raun byggist ferðaþjónustan á langtímamarkmiðum og markaðssetning taki langan tíma. Hann segir að rekstur sumarhótelsins verði á höndum Hótels Ísafjarðar en samstarfið nái ekki til rekstur Hótels Ísafjarðar sjálfs.

Í undirbúningi er einnig að Kunningi ehf taki að sér rekstur á Hótel Eddu á Núpi.

### Ráðstefna á sal Menntaskólans á Ísafirði

# Verður Ísafjarðarbær heilsubær?

Nemendur Menntaskólans á Ísafirði sem sitja valáfanga í íþróttum hjá Hermanni Níelssyni, íþróttakennara og forvarna- og félagsmálafulltrúa MÍ, telja margt mæla með því að hrint verði af stað samstarfsverkefni um heilsueflingu í Ísafjarðarbæ líkt og gert hefur verið í Bolungarvík undir merkjum Heilsubæjarins Bolungarvíkur. Það stuðli að betra heilsufari almennings og minni tilkostnaði við heilbrigðiskerfið. Til að finna málinu farveg efna nemendurnir til ráðstefnu annað kvöld á sal MÍ.

Fyrirlesarar verða Bryndís Kristjánsdóttir, sviðsstjóri Lýðheilsustofnunnar, Sigrún Gerða Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heilsubæjarins Bolungarvíkur, og Gígja Gunnarsdóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari MÍ, mun setja ráðstefnuna og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, flytur ávarp. Ráðstefnustjóri verður Hermann Níelsson. Að loknum fyrirlestrum og umræðum er ætlunin að kjósa nefnd til að fylgja málinu eftir.

Hermann Níelsson segir valáfangann snúast um undirbúning og framkvæmd verkefna á sviði íþrótta. Hann segir hugmyndina að heilsubæjarátakinu í Ísafjarðarbæ hafa verið að gerjast allt frá því nemendur MÍ héldu heilsudaga í fyrravetur.

*Menntaskólinn á Ísafirði.*

*– kristinn@bb.is*

## Niðurgreiðslur rafhitunar hjá Orkubúi Vestfjarða

# Rúmlega 72 þúsund krónur á hvern notanda

Niðurgreiðslur rafhitunar á hvern notanda hjá Orkubúi Vestfjarða voru samtals 72.145 krónur árið 2002 og nutu 2.596 notendur niðurgreiðslna á starfssvæði fyrirtækisins. Þetta kemur fram í svari iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, við fyrirspurn Kristjáns L. Möller alþingismanns Samfylkingarinnar.

Í svari ráðherra kemur fram að á árunum 1990 til 2002 var tæpum 6,4 milljörðum króna varið til niðurgreiðslu rafhitunar á landinu öllu. Á verðlagi ársins 2004 er upphæðin um 8 milljarðar króna. Niðurgreiðslur ársins 2002 voru 863,4 milljónir króna eða um 74.900 krónur á hvern notanda.

Til hvers notanda á dreifisvæði RARIK komu rúmar 77 þúsund krónur í niðurgreiðslur, til hvers notanda Hitaveitu Suðurnesja í Vestmannaeyjum runnu 59.890 krónur og til hvers notanda hjá Rafveitu Reyðarfjarðar var varið 77.887 krónum.

*Samtals runnu rúmar 72 þúsund krónur í niðurgreiðslu á rafhitun til hvers viðskiptavinar Orkubús Vestfjarða.*

Þegar kjördæmamörk eru skoðuð kemur í ljós að til hvers notanda í Norðvesturkjördæmis runnu 72.650 krónur, til hvers notanda í Norðausturkjördæmi runnu 74.900 krónur og í Suðurkjördæmi komu 69.696 krónur í hlut hvers og eins notanda.

Af einstökum sveitarfélögum kom langmest í hlut íbúa Ísafjarðarbæjar eða tæpar 109 milljónir króna á árinu 2002 eða um 12,7% af öllum niðurgreiðslum. Næst á eftir koma Vestmannaeyjar með tæpar 83 milljónir og Fjarðabyggð með tæplega 71 milljón króna.

Af einstökum byggðarlögum á Vestfjörðum má nefna að til niðurgreiðslu á rafhitun á Ísafirði fóru rúmar 75 milljónir króna, til Bolungarvíkur 27 milljónir, til Patreksfjarðar 22 milljónir, til Þingeyrar 13 milljónir, til Hólmavíkur tæpar 12 milljónir, til Flateyrar 10 milljónir og til Suðureyrar 9,5 milljónir króna.

*– hj@bb.is*

## Fjórar hafnir stofna samtökin Cruise Iceland

# Ísafjarðarhöfn meðal stofnaðila

Hafnirnar á Ísafirði, Akureyri, Reykjavík og Seyðisfirði stofnuðu fyrir stuttu samtökin Cruise Iceland ásamt Ferðamálaráði og Ferðaskrifstofunni Atlantik. Samtökunum er ætlað að efla þann hluta ferðaþjónustunnar hér á landi sem lýtur að skemmtiferðaskipum.

Tilurð samtakanna má rekja til samstarfs hafnanna á Ísafirði, Akureyri og Reykjavík um þjónustu við skemmtiferðaskip og markaðssetningu. Í hitteðfyrra fengu hafnirnar ásamt skrifstofu Ferðamálaráðs í New York erlendan ráðgjafa til að gera úttekt á möguleikum Íslands í greininni og setti hann fram hugmyndina um að stofna samtök hagsmunaaðila til að þróa markaðssetningu Íslands sem ákjósanlegs áfangastaðar fyrir skemmtiferðaskip.

*Skemmtiferðaskipið Hanseatic í höfn á Ísafirði.*

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að unnið hafi verið að hugmyndinni um nokkurt skeið og m.a. litið til sambærilega samtaka á Norðurlöndunum. Stefnt er að því að fjölga félögum í samtökunum og geta fyrirtæki, einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur sem starfa í þjónustuiðnaði við skemmtiferðaskip eða í skyldum greinum gengið í samtökin.

„Þetta er rökrétt framhald af því samstarfi sem hafnirnar hafa verið í ásamt ferðaþjónustuaðilum. Okkur þótti rétt að útvíkka starfsemina og kalla til alla þá sem hafa hagsmuni af komu skemmtiferðaskipa til landsins“, sagði Guðmundur.

*– kristinn@bb.is*

## Staðlaður húsaleigusamningur

# Þýddur á pólsku

Ísafjarðarbær, Grundarfjarðarbær, Fjarðarbyggð og Fjölmenningarsetrið hafa átt í samstarfi um þýðingu á stöðluðum húsaleigusamningi á pólsku. Elsa Arnardóttir, forstöðumaður Fjölmenningarseturs, segir fólk þurfa húsnæði um leið og það komi til landsins.

„Því getum við ekki gert kröfu um að fólk sé farið skilja íslensku þegar það gengur frá húsaleigusamningi. Þetta er dæmi um skjal sem léttir öllum lífið“, segir Elsa. Þýðingin er bæði á pólsku og íslensku.

„Það var talið mikilvægt að hafa íslenskuna með svo að ekki fari á milli mála hvaða ákvæði er verið að tala um og einnig styður það undir íslenskunámið að hafa hana með“, sagði Elsa.

Pólverjar eru langfjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi. Fjölmenningarsetur dreifir samningnum til allra sem þess óska.

*– kristinn@bb.is*


**Menntaskólinn á Ísafirði**
*– öflugur framhaldsskóli á Vestfjörðum*

**Opið hús 4. mars 2004 kl. 14-16**

***Bóknám***
*Stúdentsbrautir:*
*Náttúrufræðibraut,*
*Félagsfræðibraut.*
*Viðskiptabraut.*
*Almenn námsbraut, leiði 1,2 og nýbúanám.*
*Starfsbraut.*
***Verknám***
*Rafiðnir, grunndeild.*
*Málmiðnir, grunndeild.*
*Vélstjórn, 1. og 2. stig.*
*Samningsbundið iðnnám.*

*Allir eru hjartanlega velkomnir að kynna sér starfsemi skólans og bjóðum við sérstaklega nemendum 10. bekkjar grunnskóla.*

*Skólameistari.*

hsv

**Framkvæmdastjóri**

*Héraðssamband Vestfirðinga óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf. Þarf hann að geta hafið störf sem fyrst. Í boði er áhugavert og krefjandi starf í líflegu umhverfi. Reynsla af starfi innan íþróttahreyfingarinnar er æskileg sem og hæfni í mannlegum samskiptum.*

***Umsóknarfrestur er til 10. mars.***

*Nánari upplýsingar gefur Karl Jónsson, framkvæmdastjóri á skrifstofu sambandsins að Hrannargötu 2 á milli kl. 9 og 15 eða í síma 898 7292.*

*Umsóknum skal skilað á sama stað.*

**Menntaskólinn á Ísafirði**
**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**

**Háskólakynning á Ísafirði**

*Háskólar landsins verða með kynningu í Menntaskólanum á Ísafirði laugardaginn 6. mars nk., kl. 11:00-15:30.*

*Þar gefst fólki kostur á að fræðast um námsframboð, jafnt fjarnám sem staðnám, ræða við námsráðgjafa eða kynningarstjóra skólanna og fá upplýsingar um flest það er háskólanám varðar.*

*Fólk er hvatt til að nýta sér þennan möguleika. Það er ekki seinna vænna að huga að námi næsta vetrar.*

*Kynningin er fyrir alla, jafnt framhaldsskólanema sem fullorðna.*

*Menntaskólinn á Ísafirði*
*Fræðslumiðstöð Vestfjarða.*

# Leitaði vitneskju um síðustu daga föður síns sem fórst í síðari heimsstyrjöldinni

**Guðjón Bjarnason, rafvirki á Ísafirði, þekkti aldrei eða sá föður sinn Harald Íshólm Sigurðsson, sem lést einungis átján ára að aldri 30. mars 1942 þegar Guðjón var nýkominn í heiminn. Guðjón þekkti lítið til örlaga föður síns en vissi að hann hefði siglt utan með flutningaskipi og farist seinni heimsstyrjöldinni. Guðjón segir að lengst af hafi hann ekki eygt mörg tækifæri til að grennslast fyrir um fortíðina en eftir því sem internetið hefur fest sig í sessi hafa þróast tengsl á milli áhugamanna um seinna stríðið og afdrif mannanna sem týndu lífi í hildarleiknum. Fræðimenn, áhugamenn og aldnir þátttakendur úr átökunum deila með sér upplýsingum á leifturhraða heimshorna á milli. Fjölmargir hafa bundist samtökum um að safna upplýsingum og halda úti heimasíðum með margháttuðum upplýsingum um skipalestir, kafbáta og svo mætti áfram telja. Á síðunum er gjarnan að hægt að senda inn fyrirspurnir eða orðsendingar til netverja og komast þannig í bein tengsl við fjöldann allan af fólki sem gæti haft lausnina á ráðgátunni undir höndum.**

Fyrir áeggjan Sigríðar dóttur sinnar fór Guðjón að grennslast fyrir um örlög föður síns og afa hennar. Fyrir rúmlega hálfri öld þegar Haraldur féll frá barst fjölskyldunni á Íslandi bréf á bréfsefni Buckinghamhallar með undirskrift Georgs sjötta Bretakonungs, föður Elísabetar annarrar núverandi Bretadrottningar Þar votta konungshjónin aðstandendum samúð sína og biðja að þakklæti þjóðarinnar fyrir lífið sem týndist í þjónustu krúnunnar kunni að færa þeim einhverja huggun.

*„The Queen and I offer you our heartfelt sympathy in your great sorrow.*

*We pray that your country's gratitude for a life so nobly given in its service may bring you some measure of consolation.“*

Breska stjórnin heldur úti gagnagrunni um þá sem féllu í fyrra og seinna stríði í þjónustu samveldislandanna. Gagnagrunnuninn eru í umsjón stofnunar sem ber skammstöfunina CWGC eða the Commonwelth War Graves Commission. Með leitarvél á heimasíðu stofnunarinnar var hægt að finna upp á Haraldi Íshólm þó ekki vandalaust því í breskum gögnum var hann skráður undir nafninu Harold Esholm.

Í ljós kemur að Haraldur var kyndari á S.S. Induna frá Glasgow og að hans er minnst í minningarreitnum Tower hill memorial í London ásamt tæplega 36 þúsund öðrum sem eru týndir og hvíla í fjarlægð.

Að sögn Guðjóns var Haraldur af stórum systkinahópi og þegar foreldrarnir skildu var honum og systur hans komið fyrir á Gegnishólum í Árnessýslu. „Einhverntíman síðsumars 1941 er hann í Reykjavík og kemst þar í tengsl við sjómenn af erlendu skipi sem var í höfn. Líklega hét þetta skip Kalev og var lettneskt. Skipið var í flutningum fyrir Breta en samkvæmt gögnum var það 1995 tonn og byggt árið 1917.

Eftir því sem næst er komist skrifaði hann eða sagði bróður sínum að hann hygðist fara til sjós og þéna peninga fyrir

***Haraldur Íshólm Sigurðsson, faðir Guðjóns.***

námi. Á þeim tíma var faðir hans úti á sjó en að áliti systkina pabba hefði hann örugglega lagst gegn ráðagerðunum“, segir Guðjón.

## Var meinað að fara frá borði á Íslandi

Skráningarbækur yfirvalda í Croydon í suðausturhluta Lundúna sýna að Haraldur hefur munstrað sig á Induna 7. október 1941. Kaupskipið Induna var 5.086 tonna gufuskip smíðað í Bretlandi árið 1925 og gert út af Macklay & MacIntyre Ltd. í Glasgow.

Á Induna var 50 manna áhöfn nær öll bresk en fáeinir Kanadamenn, einn kyndari frá Chile og Íslendingurinn Haraldur. Margir áhafnarmeðlimir voru ungir að árum og meðal skipsfélaga Haraldar voru Norman Eric Blyth 18 ára loftskeytamaður frá Dundee í Skotlandi og Austin Byrne 19 ára frá Bradford í Yorkshire en Austin og Alan Blyth, systursonur Norman, áttu eftir að verða á vegi Guðjóns tæpum 62 árum eftir að Induna sökk.

Induna lætur úr höfn í Lundúnum og kemur til Glasgow um mánaðamót október og nóvember 1941. Þaðan siglir það til New York og er í Halifax í Kanda á aðfangadag 1941. Á nýju ári, 28. janúar 1942, er skipið aftur komið yfir hafið og til Írlands. Guðjón segir að líklega hafi skipið stoppað á Íslandi í annarri hvorri ferðinni yfir hafið en Halldór bróðir Haraldar minnist þess að hann hafi komið heim með skipsfélögum af Induna.

Skipið kemur til Loch Ewe á Skotlandi 6. mars árið 1943 þar sem það beið eftir öðrum skipum í skipalestinni PQ13. Loch Ewe var hefðbundinn mótsstaður skipalesta áður en þær héldu með birgðir til Rússlands og þar er að finna minnismerki um þá sem féllu með skipalestum bandamanna.

PQ-13 samanstóð af 19 skipum sem sigldu frá Loch Ewe til Hvalfjarðar. Þaðan fer skipalestin áleiðis til Múrmans og fær fylgd tundurspillisins Lamerton, togaranna Blackfly og Paynter, og þriggja norskra hvalveiðiskipa sem höfðu verið búin vopnum, Sulla, Sumba

***Guðjón á sínum yngri árum. Gömlu mönnunum af Induna fannst hann líkjast föður sínum sterklega og þótti mikið til þess koma.***

og Silja.

Guðjón segir á siglingunni til Múrmansk hafi Induna verið hlaðin með hergögnum og eldsneyti á tunnum. Vegna eðli farmsins mátti enginn fara frá borði í Hvalfirði enda máttu upplýsingar um hann ekki berast út.

„Faðir Haraldar fær fregnir af skipunum í Hvalfirði og fer þangað uppeftir til að hafa tal af syni sínum. Hann nær tali af einhverjum yfirmönnum þar en þeir þvertaka fyrir að feðgarnir fái að hittast. Faðir minn fær þó að senda bréf í land sem var ítarlega ritskoðað. Þar segist hann gjarnan vilja koma í land en að svo stöddu er honum meinað að yfirgefa skipið“, segir Guðjón.

## Sökkt af þýskum kafbáti

Þann 18. mars er siglt frá Hvalfirði og siglt áleiðis norður fyrir land. Skipunum var snúið við en halda aftur af stað frá Hvalfirði 20. mars. Talið er flotastjórnin hafi haft veður af því að fjöldi þýskra kafbáta biði skipalestarinnar fyrir Noregsströndum og því hafi för hennar verið seinkað. Stefnan er sett á stað u.þ.b. 140 mílur suður af Jan Mayen þar sem tundurspillarnir Fury og Eclipse sem komu frá Seyðisfirði bættust í lestina síðdegis 23. mars og skammt frá var Trinidad. Um nóttina brast á með stormi og tvístraðist skipalestin. Lélegt skyggni og hvass vindur næstu daga gerðu þeim erfitt um vik að sameina skipalestina á ný.

Þegar veðrið lægir líður ekki á löngu þar til njósnaflugvélar Þjóðverja koma auga á skipalestina. Að morgni 28. mars var bjart og sólríkt með stöku snjóéljum. Klukkan 10.07 verður vart við flugvél sem skipverjum á Trinidad tekst að skjóta niður á löngu færi. Óvinurinn var snöggur til andsvars og klukkutíma seinna rigndi sprengjum yfir skipalestina frá þýskum flugvélum.

Um kvöldið sigla þrír þýskir tundurspillar út frá Kirkenes í Noregi og halda tvö fylgdarskip á móti þeim til að verjast. Skipalestin verður fyrir steypiárásum þýskra Junkers 88 sprengiflugvéla Nokkur skipanna verða fyrir þeim og er tveimur sökkt. Einum þýsku tundurspillanna er að endingu sökkt og hinir halda aftur til hafnar í Kirkenes.

Á meðan heldur siglingalestin áfram í aðskildum hópum. Þann 29. mars taka skipin stefnu í suðvestur og nálgast 37 baug austlægrar lengdar. Lítið skyggni og lág skýjahæð ver þau frá loftárásum en skipin voru enn á svæði þar sem vænta mátti kafbátaárása.

Induna og norski hvalbáturinn Silja sem var hafður í togi vegna eldsneytisskorts höfðu fest sig í ís og losnuðu ekki fyrr en um kl. 15.00. Þá áætla þau staðsetningu sína 72N-38E og taka stefnuna beint til Múrmansk. Fimm tímum síðar slitnaði dráttartaugin og Silja hvarf í éljabakkann. Tilraunir Induna til að finna skipið aftur reyndust árangurlausar og hélt það för sinni áfram en rússneskt herskip fann Silja næsta dag.

Tundurskeyti var skotið að Induna kl. 07.20 að morgni 30. mars. Tundurskeytið hafði komið frá þýska kafbátinum U-376 og sökk Induna einungis fjörutíu mínútum seinna. Klukkustund síðar hlaut annað skip úr lestinni sömu örlög. Þrettán skip voru komin til hafnar 30. mars og það fjórtánda náði höfn fyrsta apríl. Fimm skip fórust.

## Fylgdi skipinu

Austin Byrne skipsfélagi Haraldar lýsir atburðinum í frásögn sem var skráð af Norman Date. Hann segir tundurskeytið hafa hafnað í fimmtu lest undir farmi af flugvélaeldsneyti og við sprenginguna hafi dekkið umbreyst í logandi óreiðu. Menn hafi hlaupið í gegnum eldinn í átt að björgunarbátnum og sumir hafi stungið sér af skutnum til að forðast logana.

Austin komst í bát ásamt nokkrum félögum sínum og þegar þeir reru frá í þungum sjó og lélegu skyggni var Induna veitt náðarhöggið. Annað tundurskeyti lenti á skipinu og sökkti því ásamt öllum sem enn voru um borð.

Austin og félagar hans máttu í hýrast í björgunarbátnum í fjóra daga í kulda og vonskuveðri áður en þeim var bjargað. Flestir þeirra kólu illa og sumir létust af sárunum en aðrir misstu útlimi.

Guðjón segir að þess sé hvergi getið í skjölum um Induna að faðir hans hafi komist í björgunarbát og líklega hafi hann farið niður með skipinu.

## Í sambandi við skipsfélagana

Í skránni um fallna í þjónustu Samveldisins komst Guðjón að því að faðir hans hafði verið skipverji á Induna í skipalestinni PQ-13 en áður hafði hann einungis vitað að faðir sinn hafði siglt frá Íslandi með bresku skipi og farist í stríðinu.

Guðjón hafði viðað að sér nokkrum upplýsingum um skipalestina og setti inn fyrirspurn á heimasíðuna warsailors.com. Í nóvember fær hann svar frá skyldmennum Norman E. Blyth loftskeytamanns sem hafði eins og Haraldur farið niður með Induna. Guðjón segir fjölskyldu Norman enga vissu hafa haft um afdrif hans fyrr en þau komust í samband við eftirlifandi skipverja fyrir um áratug sem gat borið vitni um örlög hans.

Guðjón segir Alan Blyth, systurson Norman, hafa verið sér afar hjálplegan. „Alan hefur sent mér öll þau gögn og ljósmyndir sem ég hef verið að afrita. Hann hefur verið að afla sér upplýsinga um frænda sinn frá því um 1990 og er enn að.“

Guðjón segir einn ákafasta áhugamanninn um afdrif áhafnarinnar á Induna vera áðurnefndan Austin Byrne. Hann hafði frétt frá systur Norman Blyth að afkomandi Haraldar Íshólm væri að grennslast fyrir um afdrif Induna. Í ákafa sendir hann forsætisráðherra bréf þar sem hann fer þess á leit að ráðuneytið grennslist fyrir um eftirlifandann og komi sér í samband við hann. Forsætisráðuneytið sendir bréfið áfram til Morgunblaðsins sem hafði uppi á Guðjóni og sagði frá leit hans fyrir skömmu en á meðan hafði Austin fundið Guðjón eftir eigin leiðum.

Guðjón segir það hafa verið afar ánægjulegt að hafa komist yfir aukna vitneskju um afdrif föður síns og ekki síður hafi það verið ánægjulegt að komast í samband við eftirlifandi skipsfélaga hans og aðstandendur annarra sem fórust með Induna. Hann hafi notið þess að afla sér aukinnar vitnesku síðustu vikur en nú hafi hann undir höndum allar þær upplýsingar sem hann hafi lagt upp með að finna og meira til.

*Kaupskipið Induna í höfn á millistríðsárunum. Mynd: National maritime museum Greenwich.*

„Það er mjög sérstakt að komast í sambandi við þessa gömlu menn sem voru á skipinu. Þetta eru jafnaldrar og skipsfélagar föður míns og þeir eru mjög upprifnir yfir að komast í samband við afkomanda hans. Það virðist greinilega gefa þeim heilmikið ekki síður en mér“, sagði Guðjón.

Frásögnin er byggð á gögnum sem Guðjón hefur aflað m.a. fyrir milligöngu skipsfélaga Haraldar á Induna og fjölskyldna þeirra, aðallega útdrætti Guðjón á skýrslu breska varnarmálaráðuneytisins um skipalest PQ-13 og frásögnum Austin Byrne og annars eftirlifanda Bill Short.

Þá segist Guðjón hafa sótt fróðleik í bókina Vígdrekar og vopnagnýr, Hvalfjörður og hlutu Íslands í orrustunni um Atlantshafið, eftir Friðþór Eydal. Þar er ítarlega fjallað um Hvalfjörð og skipalestirnar auk þess sem mikið er af myndum sem tengjast siglingunum. M.a. er þar að finna myndir af herskipum sem komu við sögu og af skiplestinni QP-11 á siglingu suður með Vestfjörðum en í þeirri skipalest voru mörg skipanna í PQ-13 á leiðinni aftur til baka frá Múrmansk.

Sú þróun sem hefur átt sér stað á síðustu árum fyrir tilstuðlan áhugamanna og fræðimanna sem safna saman upplýsingum um sögulega atburði og gera aðgengilegar almenningi á internetinu hlýtur að teljast bylting. Verið er að miðla upplýsingum um fíngerð smáatriði á leifturhraði sem annars útheimti tímafrekt grúsk á söfnum. Þegar almenningur getur nálgast skjöl stríðsaðilanna og frásagnir samtímanna sem upplifðu atburðina er óhætt að segja að sagan lifni við fyrir hvern sem hefur áhuga á.

*Skjöldurinn í Tower hill memorial í London þar sem nafn Haraldar Íshólm er skráð sem Harold Esholm.*

Áhugasömum er bent á eftirtaldar heimasíður til frekari upplýsingar:

Upplýsingavefur um þátttöku breska kaupskipaflotans í seinna stríði: http://britishmerchant-navy.co.uk

Upplýsingar um þá sem féllu í stríðsrekstri samveldislandanna í heimsstyrjöldunum. http://www.cwgc.org/cwgcinternet/search.aspx

*- kristinn@bb.is*

### Félagsmálanefnd vill ekki taka lægsta tilboði í akstur fatlaðra

# Mat nefndarinnar að faglegur ávinningur vegi þyngra en fjárhagslegur

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að taka tilboði Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. í akstur fatlaðra þrátt fyrir að það sé um 10% hærra en lægsta tilboðið sem kom frá Stjörnubílum ehf. Munur á tilboðunum er um 1,2 milljónir á samningstímanum. Fyrir nokkru var boðinn út akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra sem Ísafjarðarbær rekur. Þar kemur fram að verkið felist í akstri fatlaðra og aldraðra einstaklinga, svo sem milli heimila og stofnana, þegar viðkomandi getur ekki nýtt sér almenna ferðaþjónustu eða ferðast á eigin vegum.

Tilboð voru opnuð 4.febrúar og bárust fimm tilboð. Tilboð Stjörnubíla var lægst og var að upphæð 3,3 milljónir króna. Tilboð Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf. var að upphæð 3,6 milljónir króna, tilboð Sophusar Magnússonar var að upphæð 6,1 milljónir króna, tilboð F&S Hópferðabíla ehf. var að upphæð 6,9 milljónir króna og hæst var tilboð Úlfars ehf. að upphæð 12,5 milljónir króna.

Framangreindar fjárhæðir eru reiknaðar af tæknideild Ísafjarðarbæjar á grundvelli þess aksturs sem verið hefur og miðast við akstur á ári. Ferðafjöldi er misjafn milli ára þannig að umfang akstursins getur minnkað en einnig aukist enda voru tilboð miðuð við einingaverð.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar var falið að fara yfir tilboðin og óskaði eftir frekari gögnum frá Stjörnubílum og Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna. Eftir að hafa farið yfir þau gögn taldi tæknideild bæði fyrirtækin hæf til þess að taka verkið að sér samkvæmt útboðslýsingu.

Á fundi félagsmálanefndar voru lögð fram bréf frá Sigurði Mar Óskarssyni, bæjartæknifræðingi, þar sem m.a. voru samanburðar upplýsingar við önnur sveitarfélög og punktar frá fundi með framkvæmdastjóra Stjörnubíla ehf. Einnig var lögð fram greinargerð forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar vegna ferðaþjónustu fatlaðra.

Félagsmálanefnd ákvað síðan með vísan til þeirra gagna sem aflað var að leggja til við bæjarstjórn að tilboði Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna verði tekið þrátt fyrir að það verði á samningstímanum um 1,2 milljónum króna dýrara en tilboð Stjörnubíla. Í samþykkt nefndarinnar er þess getið að það sé mat nefndarinnar að faglegur ávinningur sem hlýst af því að taka tilboði FMG vegi þyngra en sá fjárhagslegi ávinningur sem verði af því að taka tilboði Stjörnubíla. Þar sé horft til þess hve notendur þjónustunnar séu almennt viðkvæmir fyrir breytingum á henni, eins og segir í bókun félagsmálanefndar.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var tillaga félagsmálanefndar tekin fyrir. Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs annar eigandi Ferðaþjónustu Margrétar og Guðna ehf., sat ekki fundinn og stýrði Birna Lárusdóttir fundinum í hans fjarveru. Samkvæmt heimildum blaðsins var það vilji meirihluta bæjarráðs að afgreiða tillögu félagsmálanefndar þrátt fyrir að bæjarráð hefði ekki nein gögn undir höndum um málið önnur en fundargerð félagsmálanefndar. Eftir nokkrar umræður var fallist á kröfu bæjarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um að óska eftir frekari gögnum vegna málsins fyrir næsta fund bæjarráðs sem haldinn verður í næstu viku.

Ekki náðist í Ingibjörgu Maríu Guðmundsdóttur, forstöðumann Skóla- og fjölskylduskrifstofu, né Kristjönu Sigurðardóttur, formann félagsmálanefndar, vegna málsins.

Hörður Högnason varaformaður félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar sagði í samtali við blaðið að til væru margar kannanir sem sýndu að viðskiptavinir þjónustu eins og Ferðaþjónustu fatlaðra væru viðkvæmari fyrir breytingum en ófatlaðir. Í ljósi þess hversu lítill munur var á tilboðunum hafi það, ásamt öðrum fyrirliggjandi gögnum, haft áhrif á þá ákvörðun nefndarinnar að taka tilboði þess aðila sem hefði sinnt þjónustunni undanfarin ár.

Aðspurður sagðist Hörður ekki geta svarað því hvaða önnur gögn hefðu legið til grundvallar ákvörðun nefndarinnar. Að sögn Harðar hefur núverandi verktaki staðið sig framúrskarandi vel og það hafi vegið nokkuð í ákvörðun nefndarinnar. Hörður treysti sér ekki til þess að svara því hvenær faglegir þættir hættu að vega þyngra en fjárhagslegir í ljósi þess að nokkur munur var á tilboðunum. Það yrði að mati Harðar að skoða í hvert sinn enda hefðu útboðsgögn borið það með sér að taka mætti hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Helga Björk Jóhannsdóttir, hjá Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum, sagði í samtali við blaðið að ekki hefði verið leitað umsagnar skrifstofunnar vegna þessa máls. Fatlaðir séu eins og annað fólk misjafnlega viðkvæmir fyrir breytingum en slíkt sé ekki í þeim mæli að það valdi fólki tjóni. Helga sagðist ekki vita til þess að nein könnun hefði verið gerð vegna slíkra hluta. – *hj@bb.is*

*Hluti olíutankanna við Suðurgötu.*

### Olíudreifing ehf. og Olíufélagið Skeljungur hf.

# Vilja endurbyggja birgðastöðina við Suðurgötu

Olíudreifing ehf. og Skeljungur hf. vilja ekki flytja olíubirgðastöð félaganna á Ísafirði niður á Suðurtanga en vilja í þess stað endurbyggja núverandi olíubirgðastöð við Suðurgötu. Þetta kemur fram í bréfi Olíudreifingar til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þar sem er ítrekuð ósk félaganna um að Ísafjarðarbær úthluti þeim viðbótarlóð við hlið núverandi birgðastöðvar.

Olíudreifing áætlar að það kosti 50 milljónum króna meira að byggja upp nýja olíubirgðastöð á Suðurtanga en að endurbyggja og stækka núverandi birgðastöð við Suðurgötu. „Það er því ósk félaganna beggja að aðilar komi sér saman um lausn sem tryggi að núverandi olíubirgðastöð félaganna á staðnum verði endurbyggð.“

Ósk um viðbótarlóð segir Olíudreifing tilkomna vegna augljósra þarfa félaganna fyrir að lagfæra ástand núverandi birgðastöðvar og að koma fyrir bensínsbirgðageymum ásamt nýju áfylliplani sem hvort um sig auki öryggi við geymslu og meðhöndlun eldsneytis í stöðinni. „Af hálfu Olíudreifingar ehf. og Skeljungs hf. er brýnt að niðurstaða komist þetta mál hið fyrsta svo hefjast megi handa við endurbyggingu eldsneytisbirgðastöðvar félaganna svo skjótt sem auðið er þannig að stöðin komist í ásættanlegt lag m.t.t. öryggis og ásýndar.“

Lengi vel lögðu hafnaryfirvöld til lóð undir nýja olíubirgðastöð neðst í Suðurtanga en nú er reiknað með lóð undir birgðastöðina nær Sundahöfninni á Ísafirði.

– *kristinn@bb.is*


**Fasteignasala**
**Tryggvi Guðmundsson hdl.**

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**
*Hafnarstræti 1 – Ísafirði*
*Sími: 456 3244*
*Fax: 456 4547*
*Netfang: eignir@tg.is*
***Heimasíða: www.tg.is***

*Einbýlishús/raðhús:*

**Bakkavegur 4b:** 100 m² lítið einbýlishús úr timbri ásamt fyrirtæki um kleinubakstur. **Tilboð óskast**

**Fagraholt 1:** 143,6 m² fallegt einbýlishús á einni hæð ásamt 45,5 m² bílskúr. **Verð 15,5 m.kr.**

**Hafraholt 50:** 138,4 m² Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

**Hnífsdalsvegur 10:** 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. **Verð 4,8 m.kr.**

**Norðurvegur 2:** 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og ræktaðri eignarlóð. **Verð 9,7 m.kr.**

**Sunnuholt 1:** 277,5 m² glæsilegt einbýlishús á 5 pöllum ásamt bílskúr og grónum garði. **Verð 16 m.kr.**

**Urðarvegur 76:** 196 m² endaraðhús á tveimur hæðum. Gott útsýni. **Verð 13,2 m.kr.**

*4-6 herbergja íbúðir:*

**Fjarðarstræti 4:** 119 m² 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi, mikið uppgerð. **Verð 8 m.kr.**

**Fjarðarstræti 14:** 90 m² 4 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt sér 60 m² íbúð í kjallara, rislofti og eignarlóð. **Verð 7,5 m.kr.**

**Fjarðarstræti 32a:** 113 m² 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. **Tilboð óskast**

**Silfurtorg 1:** 104 m² ´3-4 herb. íbúð á 3. hæð í þríbýlishúsi. Bílastæði á baklóð. **Tilboð óskast**

**Stórholt 11:** 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 8 m.kr.**

*3ja herbergja íbúðir:*

**Fjarðarstræti 38:** 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Verð 4,5**

**Silfurgata 11:** 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

**Stórholt 13:** 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

**Urðarvegur 49:** 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

*Nuddstofa:*

Sólbaðsstofa með dekuraðstöðu, leiguaðstaða í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki, sogæðanuddtæki, Turbo ljósabekkur o.fl. **Tilboð óskast**

*Atvinnuhúsnæði:*

**Hrannargata 2:** 164 m² verslunarhúsnæði á neðri hæð ásamt kjallara. **Verð 4 m.kr.**

**Thai Koon:** 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum. Til sölu eða leigu. **Tilboð óskast**

*Suðureyri:*

**Aðalgata 10:** 222,8 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, tveir nýir sólpallar. **Verð 5,5 m.kr.**

**Aðalgata 16:** 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 3 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: **www.tg.is**

### Grunnskólanemum á Vestfjörðum fækkar en réttindakennurum fjölgar

# Nemendum hefur fækkað um 13% frá 1997

Grunnskólanemendum á Vestfjörðum hefur fækkað um tæp 13% síðan árið 1997 en á sama tíma hefur hlutfall réttindakennara í grunnskólum á Vestfjörðum hækkað mjög. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Árið 1997 var 1.431 nemandi í grunnskólum á Vestfjörðum en í haust hófu aðeins 1.249 nemendur nám. Hefur því nemendum á þessu tímabili fækkað um 12,72%. Mjög misjafnt er hvernig fækkunin kemur fram í einstökum árgöngum. Sem dæmi má nefna að nú stunda tæplega 8% fleiri nemar nám í 6. bekk en árið 1997 en tæplega 27% færri nemar eru nú í 7.bekk en árið 1997.

Þrátt fyrir fækkun nemenda hefur kennurum í grunnskólunum fjölgað um einn frá árinu 1998, úr 175 í 176 í ár. Þá hefur hlutfall réttindakennara hækkað úr 48,6% árið 1998 í 56,3% í ár. Á landinu öllu fjölgaði grunnskólanemendum um tæp 7% á árunum 1997-2003. Þeir voru 42.318 en eru nú 44.809 talsins. Á þessum tíma hefur nemendum á hvern kennara fækkað úr 11,4 í 10,2. Á sama tíma hefur nemendum á hvern kennara á Vestfjörðum fækkað úr 8,17 í 7,09 eða um rúm 13%. *– hj@bb.is*

***Grunnskólinn á Ísafirði.***

# Hljómsveitin Mínus rokkaði í íþróttahúsinu á Torfnesi

Rokkhljómsveitin Mínus lék fyrir um 60 tónleikagesti í íþróttahúsinu á Torfnesi um miðja síðustu viku. Aðsókn var því í minna lagi fyrir svo stórt hús en telst varla slæm á rokktónleika á Ísafirði.

Umgjörð tónleikanna þótti vönduð og létu tónleikagestir vel af ljósum og hljómi. Mínus rokkuðu á sviðinu eftir að ísfirska unglingahljómsveitin Apolló hafði hitað upp. Um skipulag tónleikanna sá Gunnar Atli Gunnarsson, 15 ára gamall Ísfirðingur, sem hefur vakið landsathygli fyrir framtakið. Áður hefur hann skipulagt nokkra tónleika á Ísafirði og veitt ágóða þeirra til góðgerðarmála.

***Rokkarar á ferð. Mínus í íþróttahúsinu á Torfnesi.***

Hljómsveitin Mínus hefur notið vaxandi velgengni á erlendri grundu og þykir ein af eftirtektarverðustu hljómsveitum samtímans þó ekki njóti hún sömu lýðhylli og margir léttmeltari tónlistarmenn.

***Krummi, söngvari Mínuss, kominn úr að ofan.***

***Löndun í Bolungarvíkurhöfn.***

### Aflaverðmæti á Vestfjörðum fyrstu ellefu mánuði síðasta árs

# Dróst saman um einn milljarð

Verðmæti afla sem landað var á Vestfjörðum á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs var um einum milljarði lægra en á sama tíma árið á undan. Mestur er samdrátturinn í þorski. Á tímabilinu var landað á Vestfjörðum 50.280 tonnum að verðmæti rúmlega 4,3 milljarðara króna. Á sama tíma árið áður hafði verið landað 71.259 tonnum að verðmæti rúmlega 5,3 milljarða króna. Samdrátturinn nemur rúmlega 19%. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Af einstökum fisktegundum má nefna að afli í þorski hefur dregist saman um 2.800 tonn á milli ára og verðmæti hans um 430 milljónir króna. Ýsuafli stendur í stað í magni, er rúmlega 4.000 tonn, en aflaverðmætið hefur minnkað um 160 milljónir króna. Grálúðuafli dregst saman um rúm 900 tonn og verðmætin um 210 milljónir króna. Loðnuafli dregst saman um 18.000 tonn og verðmætin um 140 milljónir króna og rækjuafli dregst saman um 1.500 tonn og aflaverðmæti um 200 milljónir króna.

Af helstu fisktegundunum er einungis aukning í steinbítsafla. Þar verður aukning á milli ára um 1.300 tonn og aflaverðmætið jókst um tæpar 80 milljónir króna.

Á landinu í heild varð samdráttur í aflaverðmæti fyrstu ellefu mánuði síðasta árs um 12,6% og varð samdráttur í öllum landshlutum. Mestur varð hann þó á Vestfjörðum eða um 19,2% eins og áður sagði og þar á eftir kemur höfuðborgarsvæðið með tæplega 17% samdrátt á milli ára. Minnstur varð samdrátturinn á Austurlandi um 11%. *– hj@bb.is*

**Atvinna**

*Óskum eftir að ráða bifvélavirkja til starfa á bifreiðaverkstæði okkar.*

*Nánari upplýsingar í símum 456 4580 og 863 3800.*

*Bílatangi ehf., Ísafirði.*

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

**Fasteignaviðskipti**

**Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum**

**Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu**

## Smáauglýsingar

Til sölu er blöndunartæki og sturtuhaus ásamt sturtuklefa og botni í horn. Allt ónotað. Verð kr. 20 þús. Á sama stað er til sölu enskt vængjaborð (antík) á kr. 20 þús. Upplýsingar í síma 892 1688.

Ef þú átt góða saumavél sem þú þarft að losna við, hafðu þá samband í síma 456 6274.

Aðalfundur Slysavarnadeildarinnar í Hnífsdal verður haldinn sunnudaginn 7. mars kl. 15 í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjrónin.

Íbúð á góðum stað á Ísafirði er til leigu. Uppl. gefa Sveinbjörn í síma 456 4028 og Skúli í síma 456 7401.

Óska eftir að kaupa notuð svigskíði, 150-170 cm með bindingum og stafi. Uppl. gefur Gísli í símum 456 4005 og 823 9291.

Óska eftir eins metra löngum svigskíðum og skóm nr. 34. Á sama stað er til sölu Britax barnabílstóll 15-36 kg. Uppl. gefur Birna í síma 896 3367.

Til sölu er gamalt íbúðarhús á Ísafirði, samtals 220m². Fjórar íbúðir, tvær hæðir og kjallari. Tilboð óskast. Upplýsingar í sma 899 0742.

Óska eftir tvíburavagni fyrir lítið eða gefins til að nota á svölum. Uppl. í síma 456 4064.

Til sölu er eystri endri Hæstakaupstaðarhússins, áður trésmíðaverkstæði. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 456 3466.

Til sölu er SkiDoo MXZ vélsleði árg. 1998, 500 cc. Lítur vel út. Uppl. í síma 846 0793.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78. Upplýsingar í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Hlíðarvegi 16, neðri hæð. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Vantar að taka á leigu nokkra sumarbústaði á Ísafirði vegna ættarmóts síðustu helgina í júní. Uppl. í síma 456 5243.

Spilavist í Guðmundarbúð á föstudagskvöld kl. 20. Allir velkomnir.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, þá höfum við góða íbúð handa ykkur í hjarta borgarinnar. Upplýsingar í síma 554 6396 og 487 8944.

Til sölu er Britax barnabílstóll, 9-18 kg. Uppl. í síma 864 1469.

Til leigu er 2ja herb. íbúð. Uppl. í síma 690 3448.

Óska eftir fiskabúri. Uppl. gefur Bergmann í síma 456 3197.

Hlýðninámskeið fyrir hvolpa og hunda verður haldið á Ísafirði í mars ef næg þátttaka fæst. Uppl. gefur Auður í síma 862 8671.


### 6,24% Vestfirðinga með erlendan ríkisborgararétt

# Rúmlega 17% íbúa á Tálknafirði eru erlendir ríkisborgarar

Færri erlendir ríkisborgarar bjuggu á Vestfjörðum á síðasta ári en árið 2000 en hinsvegar hefur hlutfall þeirra af íbúafjölda hækkað. Hæst hlutfall útlendinga býr á Tálknafirði eða rúm 17% af íbúum staðarins. Flestir erlendu ríkisborgararnir eru Pólverjar.

Þann 1. desember bjuggu 489 erlendir ríkisborgarar á Vestfjörðum sem er um 6,24% af heildaríbúafjölda fjórðungsins. Á sama tíma árið 2000 bjó 501 erlendur ríkisborgari á Vestfjörðum eða um 6,15% af heildaríbúafjölda. Vestfirðir eru sá landshluti þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara er hæst og til samanburðar má nefna að útlendingar voru um 3,5% af íbúum landsins alls.

*Frá Songkran hátíð Tælendinga sem haldin var á Ísafirði í apríl í fyrra.*

Hlutfall útlendinga á Vestfjörðum er hærra en hlutfall útlendinga í nágrannalöndum okkar. Hlutfall útlendinga af íbúafjölda Noregs er 4,1%, í Danmörku er hlutfallið 4,8% og í Svíþjóð er hlutfallið 5,3%.

Flestir koma útlendingarnir frá Póllandi eða 282 sem jafngildir rúmlega 57%. Tælendingar voru 29 og Filippseyingar voru 20 talsins. Íbúar á Vestfjörðum voru á síðasta ári af 35 þjóðernum. Til gamans má geta þess að útlendingar á Vestfjörðum eru jafnmargir og allir íbúar Hólmavíkur og Pólverjar á Vestfjörðum eru álíka margir og íbúar Súðavíkur og Árneshrepps til samans.

Í Ísafjarðarbæ bjuggu 284 erlendir ríkisborgarar eða tæp 7% af íbúafjölda og í Vesturbyggð bjuggu 70 útlendingar eða um 6,5% íbúa. Aðeins í Árneshreppi og Broddaneshreppi á Ströndum bjuggu engir útlendingar á síðasta ári.

### Mannlíf liðins tíma rifjað upp á ljósmyndasýningu í Bolungarvík

# Óskað eftir ljósmyndum frá bæjarbúum

Bolvíkingar hyggjast rifja upp gamla tíma í Víkinni á ljósmyndasýningu sem stendur til að opna á sjómannadag. Margrét Sæunn Hannesdóttir er umsjónarmaður sýningarinnar og segir hún hugmyndina að hafa á boðstólnum myndir af gömlum húsum og íbúum þeirra, bátum og formönnum, ásamt ágripi af sögu fólksins.

„Við ætlum að rifja upp tíðarandann þegar Einar Guðfinnsson, Pétur Oddsson og Bjarni Eiríksson voru burðarásar í atvinnulífi staðarins og mannlífið í Víkinni í gegnum árin“, segir Margrét. Vegna sýningarinnar er nú að hefjast söfnun á myndum og vill Margrét biðla til Bolvíkinga nær og fjær um lána myndir sem þeir kunna að hafa í fórum sínum á sýninguna.

Þeir sem eiga myndir sem þeir vilja lána á sýninguna geta haft samband við Margréti í síma 456 7164 og 847 6867.

*– kristinn@bb.is*


## Atvinna

*Óskum eftir að ráða bifvélavirkja, hefilmann og gröfumenn til starfa við vegaframkvæmdir í Hestfirði. Aðeins vanir menn koma til greina. Mikil vinna framundan.*

*Upplýsingar gefur Gísli Eysteinsson, verkstjóri í síma 852 1167. Einnig eru gefnar upplýsingar í símum 852 1135 og 565 3140.*

*Klæðning ehf.*


STAKKUR SKRIFAR

# Næstu skref

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Umræðan um framtíð Vestfjarða eða öllu heldur byggðar á Vestfjörðum tekur stundum á sig undarlegar myndir, einkum þegar áhuginn ber menn ofurliði. Nægir að nefna samgöngur og menntamál. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur verið samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á Vestfjörðum frá 1949, en þeim hefur fækkað úr 34 í 11 á tíma sambandsins. Sú staðreynd lýsir ákveðinni þróun í gerð sveitarfélaga og ekki síður breytingu á hlutverki þeirra. Verkefni þeirra hafa vaxið mjög, bæði hefur þeim fjölgað og umfangið aukist. Samt tregðast forsvarsmenn sveitarfélaganna, kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum við að taka breytingum, hvað þá að hafa um þær forgöngu. Málið er síður en svo einfalt. Það er flókið. Þar liggur hundurinn ef til vill grafinn. Okkur er tamara að fást við það sem við þekkjum en að leggja út í óvissuna. Engu að síður höfum við söguna fyrir okkur og hvert dæmið á fætur öðru má rekja um fækkun sveitarfélaga á Vestfjörðum frá því um miðja síðustu öld.

Vestfirskum sveitarstjórnarmönnum væri hollt að kynna sér kaflann í bókinni Sléttuhreppur fyrrum Aðalvíkursveit 1702 – 1952, sem ber heitið: „Hvers vegna eyddist Sléttuhreppur? Þar er fjallað um erfiðar samgöngur og viðskipti, félagslegar orsakir og minnkandi atvinnu. Umgetinn kafli er ekki nema 12 blaðsíður og auðlesið efni, ef ekki er litið á þann sársauka er fram kemur varðandi þá staðreynd að ekki varð ráðið við brottflutning fólks er leiddi til þess að þessi nyrsti hreppur lagðist í eyði 1952. Fróðlegt er að lesa bréf Bergmundar Sigurðssonar til félagsmálaráðuneytisins 25. ágúst 1946 og umfjöllun um samskipti hreppsnefndar við alþingismennina Sigurð Bjarnason og Hannibal Valdimarsson varðandi tillögur til viðreisnar hreppsfélagisins. Þær voru í 6 liðum og fjölluðu í stuttu máli um atvinnusköpun, samgöngumannvirki, athugun virkjunarskilyrða, aukin afnot af landi, vegagerð og bætta heilsugæslu.

Án þess að fara nánar í tillögurnar er í þeim sami rauði þráðurinn og í málflutningi sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum í dag. Annar höfundur bókarinnar, Þórleifur Bjarnason, telur að, skortur samtaka til verklegra framkvæmda hafi verið „aðalástæða þess að ungt fólk leitaði úr hreppnum til til staða, sem höfðu upp á betri vinnubrögð og öruggari atvinnu að bjóða”. Samstaða náðist ekki og samkomulag náðist ekki „um framkvæmdir á einum stað, nema allir fengju eitthvað”. Unga fólkið kynntist betri vinnubrögðum annars staðar, á Ísafirði, í Hnífsdal og Bolungarvík. Það er því sláandi að hugsa til þess að áratug síðar lagðist Grunnavíkurhreppur í eyði og viðtal við Jón Fanndal í BB í síðustu viku varð kveikjan að þessum hugleiðingum, en hann kom úr Ísafjarðardjúpi, sem vart telst í byggð lengur. Næstu skref okkar hljóta að miðast að faglegri skoðun möguleika okkar til framsóknar og þá með stuðningi ríkisstjórnar og Alþingis. En fyrst og fremst er sagan okkur áminning um að standa saman og því miður er það svo að ekki geta allir fengið eitthvað! Það kennir sagan okkur, en við getum staðið saman að framförum, Vestfirðingum öllum til góðs. Annars verðum við vitni að því að sagan endurtaki sig.

Tilboðin gilda þriðjudag 2. mars til sunnudags 7. mars eða meðan birgðir endast
Hversdagurinn í Bónus
30% afsláttur
279 kr.
30% afsláttur
419 kr.
377 kr.
30% afsláttur
586 kr.
-á góðu verði...
EKKERT BRUÐL
KJARNAFÆÐI
KF hangilæri 2399 kr. kg
Markt verð 2999 kr.
KF brauðskinka 799 kr. kg
Markt verð 999 kr.
KF rúllupylsa 1119 kr. kg
Markt verð 1399 kr.
KF spægipylsa 1599 kr. kg
Markt verð 1999 kr.
KF pepperoni 1624 kr. kg
Markt verð 2030 kr.
KF léttreykt brauðskinka 799 kr. kg
Markt verð 999 kr.
KF roastbeef 2399 kr. kg
Markt verð 2999 kr.
20% afsláttur
KJARNAFÆÐI
EKKERT BRUÐL
HEILT KÍLÓ
98 kr.
BÓNUS
Opið þriðjudag til fimmtudags 12.00 til 18.30
-föstudag 10.00 til 19.30
Opið laugardag 10.00 til 18.00
-sunnudag 12.00 til 18.00

# Halldór kvaddur með viðhöfn af samstarfsmönnum á höfninni

Halldór Hermannsson var kvaddur með viðhöfn þegar hann lauk síðasta vinnudeginum á Ísafjarðarhöfn síðdegis á föstudag. Halldór lætur af störfum fyrir aldurs sakir og bauð vinum og velunnurum til veislu á hafnarskrifstofunni af því tilefni. Þangað komu viðskiptamenn hafnarinnar í sem víðustum skilningi þess orðs og héldu upp á tímamótin með Halldóri.

Glatt var á hjalla eins og við er að búast þegar Halldór á í hlut og kvöddu ýmsir sér hljóðs til að þakka fyrir samstarfið á höfninni.

– kristinn@bb.is

*Halldór ásamt samstarfsmönnum á höfninni. Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri, Theódór R. Theódórsson, Theódór Theódórsson, Jónas Finnbogason, Guðrún Guðmannsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir, skjalavörður Ísafjarðarhafnar og Hjalti Þórarinsson.*

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Vestlæg átt, 8-13 m/s við suðurströndina fram eftir degi en annars hægari. Skýjað með köflum.

**Horfur á laugardag:** Stíf suðaustanátt með dálítilli rigningu eða súld, en hægari og bjart fyrir norðan og austan.

**Horfur á sunnudag:** Suðvestan átt og skúrir eða él, en sunnanátt og rigning austanlands.

**Horfur á mánudag:** Suðlæg átt og smáskúrir eða él, bjart norðanlands.

## Kirkjustarf

**Ísafjarðarkirkja:** Messa og kirkjuskóli á sunnudag kl. 11:00. Unglingamessa á sunnudagskvöld kl. 20:30.

**Hnífsdalskapella:** Sunnudagsskóli kl. 13:00.

**Holtskirkja:** Fjölskylduguðsþjónusta á æskulýðsdaginn 7. mars kl. 14:00. Börn og unglingar aðstoða. Mikill söngur.

**Flateyrarkirkja:** Barnastarf á miðvikudag kl. 16:30.

## Spurningin

**Ertu flughrædd(ur)?**

**Alls svöruðu 340.**
**Já sögðu 82 eða 24%**
**Nei sögðu 173 eða 51%**
**Stundum sögðu 85eða 25%**

*Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.*

# Þriðja kynslóð BB vefsins tekin í notkun

Þriðja kynslóð bb.is var tekin í notkun með pompi og prakt í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað á Ísafirði á laugardag. Eins og lesendur bb.is hafa tekið eftir, hefur vefurinn tekið verulegum breytingum, og í raun verið endurgerður frá grunni, þó skipulag efnis sé í grófum dráttum svipað og verið hefur.

Umsjón með breytingunum hafði Jónatan Einarsson en hann hannaði síðustu útgáfu BB-vefsins. Skipt var um grunnkerfi vefsins m.a. til anna síaukinni aðsókn og gera hann léttari í vafri. Framvegis verður hann keyrður á vefumsjónarkerfinu Lisa.net frá Innn hf. og hýstur hjá Skýrr hf.

– kristinn@bb.is

*Hildur María Halldórsdóttir og Kristín Ósk Sigurjónsdóttir opnuðu vefinn formlega en þær eru dætur Halldórs Sveinbjörnssonar og Sigurjóns J. Sigurðssonar, stofnenda H-prents ehf. sem rekur bb.is.*

*Steingrímur Rúnar Guðmundsson (tv) og Jónatan Einarsson, aðalhönnuður vefjarins.*

*Frá opnunarhófinu í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað.*

**> RÚV: 6. mars kl. 22:35**

### Elísabet fyrsta á Englandi

**Í þessari bresku bíómynd, sem er frá árinu 1998, er sagt frá því hvernig Elísabet fyrsta kom til ríkis á Englandi og frá fyrstu árum hennar á valdastóli, en sú saga er full af leynimakki, banatilræðum og aftökum. Í aðalhlutverkum eru Cate Blanchett (mynd), Geoffrey Rush, Joseph Fiennes og Richard Attenborough.**

**> Stöð 2: 6. mars kl. 21:45**

### Herra Deeds



**Herra Deeds er rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Wionu Ryder í aðalhlutverkum. Góðhjartaður náungi erfir stórfé eftir frænda sinn og veröldin kollvarpast. Longfellow Deeds rekur pítsustað í smábæ en flytur til stórborgarinnar í kjölfar umskiptanna. Allir vilja fá sinn hluta af peningunum og Deeds veit ekki sitt rjúkandi ráð.**

**> Sýn: 7. mars kl. 11:15 +**

### Bikardagur á Sýn

**Enska bikarkeppnin verður í brennidepli á Sýn í dag en þrír leikir verða sýndir beint. Erfitt er að spá fyrir um úrslit en eftir dráttinn í átta liða úrslit var ljóst að minnst eitt lið úr neðri deildunum kæmist í undanúrslit. Veðmangarar hölluðust flestir að sigri Arsenal eða Manchester United í bikarnum en margir vildu sjá þessi lið mætast í úrslitaleiknum.**

# Dimmalimm í alla skóla

Kaffihúsið Langi Mangi á Ísafirði hefur gefið öllum leikskólum og grunnskólum í Ísafjarðarbæ, auk Menntaskólans á Ísafirði, ævintýrið um Dimmalimm með myndskreytingum Guðmunds Thorsteinssonar eða Muggs eins og hann var oftast kallaður.

Fyrir nokkru var opnuð sýning um myndlistarmanninn Mugg á Langa Manga og var af því tilefni gefið út póstkort með mynd Péturs Guðmundssonar af listamanninum. Elfar Logi Hannesson, leikari og annar eigandi Langa Manga, er mikil áhugamaður um ævi Muggs og hefur m.a. sett upp einleik um listamanninn sem sýndur var við góðan orðstý á Vestfjörðum og í Reykjavík.

*Vinkonurnar Marín og María skoðuðu Dimmalimm á Eyrarskjóli.*

Muggur var frá Bíldudal og þótti fjölhæfur listamaður. Hann lést um aldur fram, aðeins 33 ára gamall.

Dimmalimm með myndskreytingum Muggs kom fyrst út árið 1942 og hefur verið gefin út reglulega síðan. Að sögn Elfars Loga er fyrsta útgáfan af bókinni illfáanleg og mikill dýrgripur. *– kristinn@bb.is*

# Gunnar í krossinum og Valgarður miðill

Óhætt er að segja að ólíkum sjónarmiðum sé gert hátt undir höfði á Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði en á mánudag voru þeir Gunnar Þorsteinsson, jafnan kenndur við trúfélagið Krossinn í Kópavogi, og Valgarður Einarsson, miðill, gestir hátíðarinnar, en eins og kunnugt er hafa miðlar ekki verið hátt skrifaðir hjá þeim fyrrnefnda.

Gunnar fundaði á sal skólans í hádeginu og urðu heitar umræður. Svaraði hann fjölmörgum spurningum nemenda, kennara og bæjarbúa. Ingvar Alfreðsson, menningarviti nemendafélags MÍ, segir að upphaflega hefðu verið áætlaðar 40 mínútur í heimsóknina en hún hefði orðið 90 mínútna löng. Um kvöldið var svo fullur salur á skyggnilýsingafundi hjá Valgarði sem þótti afar magnaður.

Boðið er upp á veglega dagskrá á Sólrisuhátíð alla vikuna og er áhugasömum bent á heimasíðu hátíðarinnar til að nálgast nánari upplýsingar um dagskrárliði.

*– kristinn@bb.is*

**> Stöð 2: 7. mars kl. 20:10**

## Þórhallur miðill

**Lífsaugað er fyrsti skyggnilýsingarþátturinn í íslensku sjónvarpi. Umsjónarmaður er hinn landsþekkti miðill Þórhallur Guðmundsson en sérlegur aðstoðarmaður hans er Guðrún Möller. Andleg málefni hafa lengi þótt spennandi og því var löngu tímabært að sinna þeim í vinsælasta fjölmiðlinum. Þetta er önnur þáttaröðin með Þórhalli miðli.**

# Sælkeri vikunnar

## er Helga Guðbjartsdóttir á Flateyri

## Pönnusteikt keila og ostakaka

Helga Guðbjartsdóttir tók við djarflegri áskorun frá Láru Thorarensen og ákvað að leggja fram uppskrift að pönnusteiktri keilu og ostaköku. Fiskur er sífellt meira metinn sem hráefni í matargerð og jafnframt eru sífellt fleiri tegundir og matreiðsluaðferðir að rata inn á borð landsmanna. Vafalítið á keiluuppskriftin eftir að vinn á sitt band einhverjar vanafastar ýsuætur.

400 g roð- og beinlaus keila eða annar fiskur
3 msk söxuð græn epli
3 msk sneiddur rauðlaukur
1 til 2 tsk karrý
1 til 2 rif saxaður hvítlaukur
½ tsk timian
1 dl fisksoð
1 dl mysa
1 dl rjómi
salt og pipar eftir smekk

Veltið fiskinum upp úr heilhveiti sem kryddað er með salti, pipar og örlitlu karrý. Steikið fiskinn í smjöri eða olíu þar til gullbrúnn. Haldið fiskinum heitum meðan sósan er löguð. Bætið smjöri á pönnuna, u.þ.b. einni matskeið, og brennið karrýið aðeins í því. Setjið svo eplin og laukinn út í. Sjóðið upp með fisksoði og mysu í u.þ.b. 3 til 4 mínútur. Jafnið með rjóma og bragðbætið með salti og pipar.

Berið fram með grænu salati og nýjum soðnum kartöflum.

### Ostakaka

200 g mulið kex (t.d. gróft hafrakex)
5 msk sykur
1 tsk kanill
75 g brætt smjör

### Ostakremið

200 g rjómaostur
5 blöð matarlím
6 msk sykur
2 eggjarauður
2 eggjahvítur (þeyttar)
1 peli rjómi.
rifinn börkur af ½ sítrónu.

Blandið saman muldu kexi, sykri og kanil og látið brætt smjörið saman við. Hringur af formi (án botns) er látinn á diskinn sem kakan á að berast fram á. Setjið kexdeigið innan í hringinn og vel að köntunum. Leggið matarlímið í bleyti í kalt vatn og bræðið síðan. Hrærið rjómaostinn með eggjarauðunum og sykrinum. Þeytið rjómann sem og eggjahvíturnar (hvort í sínu lagi). Látið matarlímið í ostakremið og síðast er þeytta rjómanum og eggjahvítunum bætt út í. Látið kremið í hringinn yfir kexdeigið. Látið stífna áður en kakan er skreytt með ferskum eða niðursoðnum ávöxtum eftir smekk hvers og eins. Hringurinn er ekki tekinn af fyrr en kakan er borin fram.

Skreytið með ferskjum, vínberjum, jarðarberjum eða mandarínum eftir smekk.

*Ég vil nota tækifærið og skora á Guðrúnu Pálsdóttur, útgerðarspekúlant á Flateyri, að færa okkur góða uppskrift af línuúvilnun þessa árs.*


# Kútmagakvöld Lions

*Hið árlega kútmagakvöld Lionsklúbbs Ísafjarðar verður haldið á Hótel Ísafirði föstudaginn 5. mars kl. 19:30. Stórglæsilegt sjávarréttahlaðborð og mögnuð skemmtidagskrá.*

*Veislustjóri verður Halldór Jónsson, blaðamaður.*

*Borðapantanir í síma 456 4111. Verð kr. 3.800 á mann.*


## Sportið í beinni

**Sjónvarpið:**
*Föstudagur 5. mars:*
**Kl. 09:50** – HM í frjálsum íþróttum innanhúss.
**Kl. 01:55**– Formúla 1: Tímataka í Ástralíu.

*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 13:30** – HM í frjálsum íþróttum innanhúss.
**Kl. 02:00** – Formúla 1: Keppnin í Ástralíu.

**Sýn:**
*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 12:15** – Enski boltinn: Man. Utd. – Fulham.
**Kl. 17:50** – Enski boltinn: Portsmouth – Arsenal.
**Kl. 20:20** – Spænski boltinn: Valencia – Deportivo

*Sunnudagur 7. mars:*
**Kl. 12:45** – Enski boltinn: Millwall – Tranmere.
**Kl. 15:50** – Enski boltinn: Sunderland – Sheff. Utd.
**Kl. 20:30** – NBA deildin: LA Lakers – New Jersey

Þriðjudagur 9. mars:
**Kl. 19:30** – Meistaradeildin: Manchester Utd. – Porto.
**Kl. 21:40** – Meistaradeildin: Chelsea – Stuttgart

*Miðvikudagur 10. mars:*
**Kl. 19:30** – Meistaradeildin: Real Madrid – B. Munchen
**Kl. 21:40** – Meistaradeildin: Arsenal – Celta de Vigo

**TV Danmark 1:**
*Miðvikudagur 3. mars:*
**Kl. 20:15** – Meistaradeildin: Barcelona – Bröndby

*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 14:30** – Þýski boltinn: Leverkusen – B. Munchen
**Kl. 18:30** – Spænski boltinn: Racing S. – Real Madrid
**Kl. 20:30** – Spænski boltinn: Valencia – Deportivo.

*Sunnudagur 7. mars:*
**Kl. 16:00** – Spænski boltinn: Barcelona – Real Murcia

**TV4 Sweden:**
*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: W.B.A – Coventry City

**TV4+ Sweden:**
*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 18:00** – Enski boltinn: Portsmouth – Arsenal
**Kl. 20:30** – Spænski boltinn: Valencia – Deportivo

*Sunnudagur 7. mars:*
**Kl. 18:00** – Spænski boltinn: Sevilla – Villarreal
**Kl. 20:00** – Spænski boltinn: Atlético – Murcia

**TV2 Danmark:**
*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 12:30** – Enski boltinn: Manchester U. – Fulham

**TV2 Zulu:**
*Laugardagur 6. mars:*
**Kl. 19:30** – Ítalski boltinn: Brecia – Juventus

*Sunnudagur 7. mars:*
**Kl. 19:30** – Ítalski boltinn: Roma – Inter Milan

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
# BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

## Stúlkur í meirihluta

**Stúlkur eru nú í meirihluta meðal nemenda grunnskóla á Vestfjörðum sem er töluverð breyting frá árinu 1997. Í dag eru stúlkur 50.6% af nemendum grunnskóla á Vestfjörðum en voru 49.1% árið 1997. Hæst er hlutfall stúlkna í 7.bekk eða 61,5 % en lægst í 10.bekk 45.1%. Þetta er nokkuð önnur þróun en annarsstaðar á landinu því árið 1997 voru stúlkur 48.5% af nemendum og í dag er hlutfall þeirra nánast það sama. –*hj@bb.is***

*Norðurljós yfir Ósvör í Bolungvarvík. Myndir: Eric Chrétien.*

# Ósvör í Bolungarvík prýði neðanjarðarlestirnar í París

Myndir af norðurljósagliti yfir Ósvör í Bolungarvík munu prýða neðanjarðarlestarstöðvar í París í vor og sumar að sögn Geirs Guðmundssonar, safnvarðar í Ósvör. „Frakkinn Eric Chrétien frá ljósmyndastofunni Gamma í París er höfundur myndanna en hann kom í Ósvör í sumar til að kynna sér aðstæður. Honum leist vel á og kom hingað aftur í haust til að taka myndirnar. Allt í allt dvaldi hann tvo mánuði hér fyrir vestan“,segir Geir. Myndirnar verða settar á plaköt sem verða til sýnis á lestarstöðvunum og verða gefnar út á póstkorti. Að auki munu þær birtast í ljósmyndabók um náttúrufyrirbæri.

Geir á von á að myndirnar hafi mikið auglýsingagildi fyrir Ósvör og Vestfirði alla. „Þetta er sett upp sem ljósmyndasýning en er um leið ferðakynning fyrir okkur. Það fer ekkert á milli mála hvar myndirnar voru teknar enda birtast þær með áletruninni Norðurljós, Ósvör, Bolungarvík, Ísland.“

Aðspurður um hvort hann telji að safnið eigi eftir að fá heimsóknir sérstaklega út af myndunum segist Geir ekki vera í vafa. Hann fái iðulega til sín gesti sem hafi séð myndir af Ósvör í tímaritum eða sjónvarpi og heillast af.

„Hingað kemur alltaf mikið af Frökkum enda er safnið mjög þekkt þar, t.d. kom það fyrir í kvikmynd sem var sýnd þar í landi fyrir nokkrum árum. Hingað koma oft ferðamenn sem benda og segjast hafa séð mig áður.“

Geir segist viss um að erlendir sé Ósvör hvað þekktast af íslenskum söfnum. „Myndir frá Ósvör eru mikið notaðar þegar verið er að kynna Ísland og það skilar sér fyrir ferðamennskum á Vestfjörðum öllum enda kemur yfirleitt fram í hvaða landshluta safnið er. Í einni grein um Ísland voru t.d. tvær línur um Björk en heil opna um Ósvör“, sagði Geir.

*Lárus Mikael Knudsen Daníelsson.*

## Lárus sigraði

**Lárus Mikael Knudsen Daníelsson frá Ísafirði sigraði Tómas Guðmundsson frá Grindavík í viðureign þeirra á fyrsta hnefaleikamóti ársins sem haldið var í húsi hnefaleikafélags Reykjavíkur fyrir stuttu. Lárus fór suður við annan mann, Högna Marsellíus Þórðarson, sem tapaði fyrir Gunnari Óla Guðjónssyni frá Reykjavík. Mótið þótti takast vel og var sótt af um 200 áhorfendum. Einna mesta athygli vakti bardagi Lárusar og Tómasar. Lárus sigraði allar þrjár loturnar og þótti gríðarlega höggþungur. Lárus segist mjög ánægður með árangurinn og er þegar farinn á fullt að undirbúa næsta mót sem verður í Keflavík. – *kristinn@bb.is***

## Skriða lokaði Óshlíðarvegi

**Vegurinn um Óshlíð lokaðist á sunnudagskvöld þegar skriða féll á hann við Hvanngjá ytri. Jón Baldvin Jóhannesson, hjá Vegagerðinni á Ísafirði, segir að tilkynning hafi borist um ellefuleytið um kvöldið og strax hafi verið farið til að ryðja veginn. Hann segir að ekki hafi verið um aurskriðu að ræða heldur hafi grjót hrunið úr hlíðinni og þau stærstu vegið á bilinu 18-20 tonn. Aðspurður segist Jón Baldvin ekki telja að sérstök hætta sé á skriðuföllum nú. – *kristinn@bb.is***

### Ísklifurfestival Íslenska alpaklúbbsins á Ísafirði

# Ánægðir ísklifrarar

Ísklifurfestival Íslenska alpaklúbbsins sem haldið var á Ísafirði fyrir stuttu tókst með ágætum og létu menn vel af aðstæðum að sögn Rúnars Óla Karlssonar, ísklifursáhugamanns. Til stóð að halda festivalið í Öræfasveit en vegna klakaskorts var það flutt vestur. „Menn voru mjög ánægðir með hvernig til tókst og vilja stoppa lengur næst. Nokkrir í hópnum höfðu aldrei komið til Vestfjarða áður og sáu að um er að ræða ókannað landssvæði fyrir ísklifur og margt fleira“, segir Rúnar Óli.

Klifrararnir reyndu fyrir sér í Naustahvilt, á Seljalandsdal í Skutulsfirði og á Óshlíð. Því þurfti ekki að fara langar leiðir frá Ísafirði sem þótti afar hentugt. Annar ísfirskur ísklifuráhugamaður, Eiríkur Gíslason, segir frá ísklifurfestivalinu í máli og myndum á heimasíðu klúbbsins. – *kristinn@bb.is*

***Hörður Sævar Harðarson og Rúnar Óli Karlsson klífa í Naustahvilft. Myndir: Eiríkur Gíslason.***



***Ísklifrari með Skutulsfjörð í baksýn.***